

**Ed. 736. Frumvarp til laga [390. mál]**  
um Kennaraháskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987–88.)

I. KAFLI

**Hlutverk Kennaraháskóla Íslands.**

1. gr.

1. Kennaraháskóli Íslands er miðstöð kennaramenntunar hér á landi og annast rannsóknir á sviði uppeldis- og kennslumála.
2. Kennaraháskólinn annast menntun grunnskólakennara, þar með taldar forskóladeildir grunnskóla.
3. Kennaraháskólanum er heimilt að annast uppeldis- og kennslufræðilega menntun framhaldsskólakennara sem hafa hlotið tilskilda menntun í kennslugrein annars staðar.
4. Kennaraháskólinn annast endurmenntun með skipulegri fræðslu, kynningu á markverðum nýjungum í skóla- og uppeldismálum og stuðningi við nýbreytni- og þróunarstörf.
5. Kennaraháskólinn annast framhaldsmenntun og viðbótarmenntun, einkum á sviði uppeldis- og kennslufræði.
6. Kennaraháskólinn skal stuðla að því að kennaraefni temji sér fræðileg viðhorf og þann heildarskilning á nemendum og umhverfi þeirra er geri þá hæfa til að taka ábyrga afstöðu í starfi sínu og koma til móts við einstaklingsþarfir nemenda.
7. Kennaraháskólinn skal leggja áherslu á rannsóknir á sviði skólastarfs við íslenskar aðstæður og stuðla með þeim hætti að þróun og umbótum í skólakerfinu.
8. Setja skal í reglugerð ákvæði um samstarf Kennaraháskólans við Háskóla Íslands og aðrar menntastofnanir á sviði kennara- og uppeldismenntunar.

## II. KAFLI

### Stjórn Kennaraháskólans.

#### 2. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn Kennaraháskólans.

Stjórn skólans er falin skólaráði, rektor, aðstoðarrektor, kennslustjóra og fjármálastjóra. Skólaráð hefur, svo sem lög mæla fyrir um og nánar segir í reglugerð, ákvörðunarvald í málefnum skólans og vinnur að þróun og eflingu þeirra. Rektor er yfirmaður stjórnarsýslu skólans og æðsti fulltrúi hans gagnvart mönnum og stofnunum innan skólans og utan. Rektor er forseti skólaráðs. Hann vinnur sérstaklega að stefnumótun í málefnum skólans og hefur yfirumsjón með starfsemi hans.

Aðstoðarrektor, kennslustjóri og fjármálastjóri annast í umboði rektors eftirlit með daglegri starfsemi skólans.

Aðstoðarrektor hefur í umboði rektors og skólaráðs umsjón með málum sem snerta rannsóknir og öðru því er rektor felur honum. Hann gegnir störfum rektors ef hann forfallast vegna veikinda eða fær leyfi frá störfum.

Kennslustjóri hefur í umboði rektors og skólaráðs umsjón með málefnum er snerta kennslu og kennara.

Fjármálastjóri hefur í umboði rektors og skólaráðs umsjón með fjárreiðum og starfsmannahaldi skólans. Hann hefur umsjón með gerð fjárhagsáætlunar skólans og framkvæmd hennar samkvæmt fjárlögum. Fjármálastjóri hefur heimild til að skuldbinda skólann fjárhagslega í umboði rektors eða skólaráðs.

Heimilt er rektor í umboði skólaráðs að fela öðrum starfsmönnum skólans umsjón með tilteknum verkefnum. Nánar skal kveðið á um störf stjórnenda skólans í reglugerð.

#### 3. gr.

Rektor er kjörinn til fjögurra ára í senn. Kjörgengur er hver sá er uppfyllir hæfnisskilyrði 32. gr. um stöðu prófessors. Skipa skal dómnefnd til að meta hæfni þeirra er gefa kost á sér til rektorskjörs með sama hætti og um væri að ræða umsóknir um stöðu prófessors.

Atkvæðisrétt við rektorskjör eiga: Allir fastráðnir kennarar Kennaraháskólans og allir þeir sem fastráðnir eru eða settir til fulls starfs við Kennaraháskólann og hafa háskólapróf, skólastjóri Æfingaskóla Kennaraháskóla Íslands, tveir fulltrúar fastráðinna æfingakennara, fulltrúi lausráðinna kennara við Kennaraháskólann, allir nemendur sem skrásettir eru í skólann, þannig að atkvæði nemenda gildi sem einn þriðji hluti allra greiddra atkvæða, en greidd atkvæði annarra atkvæðisbærra aðila skulu gilda sem tveir þriðju hlutar allra greiddra atkvæða.

Endurkjósa má rektor einu sinni án lotuskila. Rektor skal kjörinn í janúarmánuði og tekur hann við störfum 1. ágúst á sama ári, utan hvað hann ber ábyrgð á tillögum til fjárlaga fyrir næsta ár eftir að hann var kjörinn, sbr. þó lokamálgrein þessarar greinar.

Sá er rétt kjörinn rektor sem hlotið hefur atkvæði meiri hluta atkvæðisbærra manna, enda hafi minnst tveir þriðju hlutar þeirra, sem atkvæðisrétt eiga, tekið þátt í atkvæðagreiðslunni. Ef enginn fær svo mörg atkvæði skal kjósa að nýju um þá tvo er flest atkvæði fengu og er þá sá rétt kjörinn sem fleiri atkvæði fær enda þótt tveir þriðju hlutar atkvæðisbærra manna hafi þá ekki tekið þátt í atkvæðagreiðslu. Séu atkvæði jöfn ræður hlutkesti. Um tilhögun rektorskjörs skal kveða nánar á í reglugerð.

Nú fellur rektor frá eða lætur af störfum áður en kjörtímabil hans er liðið og skal þá kjósa nýjan rektor svo fljótt sem því verður við komið, en aðstoðarrektor gegnir rektorsstörfum þangað til.

#### 4. gr.

Í skólaráði eiga sæti: rektor, sjö fulltrúar kjörnir úr hópi fastráðinna kennara, einn fulltrúi kjörinn úr hópi lausráðinna kennara, einn fulltrúi kjörinn af starfsmönnum í a.m.k. hálfu starfi, öðrum en kennurum, tveir fulltrúar kjörnir af stjórnendum Æfingaskóla Kennaraháskóla Íslands og fastráðnum æfingakennurum hans, þrjár fulltrúar nemenda kjörnir af nemendaráði.

Skólaráð skal kjörið til þriggja ára í senn, að hluta ár hvert samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Fulltrúi lausráðinna kennara og fulltrúar nemenda skulu kjörnir til eins árs í senn. Með sama hætti skal kjósa varamenn fyrir hvern fulltrúa í skólaráði.

Í reglugerð skal kveða nánar á um kjör fulltrúa í skólaráð.

Aðstoðarrektor, kennslustjóri og fjármálastjóri eiga sæti á fundum skólaráðs og hafa þar málfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt.

Nú hefur kjörinn fulltrúi í ráðinu ekki tök á að sækja fund og tekur þá varamaður hans sætið.

Rektor er forseti skólaráðs, en aðstoðarrektor í forföllum hans. Aðstoðarrektor er ritari ráðsins.

#### 5. gr.

Skólaráð heldur fundi eftir þörfum. Óski fimm skólaráðsmenn fundar er rektor skylt að boða til hans.

Skólaráð er ályktunarfært ef tveir þriðju hlutar atkvæðisbærra skólaráðsmanna sækja fund hið fæsta. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Ef atkvæði eru jöfn sker atkvæði forseta úr.

#### 6. gr.

Rektor eða skólaráð skulu boða til starfsmannafunda til umræðna um málefni Kennaraháskólans eða stofnana hans að minnsta kosti tvisvar á ári. Skylt er rektor að boða til slíks fundar ef stjórn kennarafélags eða starfsmannafélags skólans eða 1/3 hluti félagsmanna annars hvors félagsins æskir þess. Breytingar á námsskrám og formlegum starfsreglum skulu ætíð hljóta umsögn starfsmannafundar áður en þær eru afgreiddar í skólaráði. Allir kennarar skólans og aðrir fastir starfsmenn eiga rétt á að sækja fundi og njóta atkvæðisréttar þar. Ályktanir starfsmannafunda eru ekki bindandi fyrir skólaráð.

#### 7. gr.

Í reglugerð skal kveða á um skiptingu Kennaraháskólans í deildir. Heimilt er að fela tilteknum starfsmönnum skólans umsjón með deildum eða afmörkuðum verksviðum.

### III. KAFLI

#### Nemendur.

#### 8. gr.

Inntökuskilyrði í Kennaraháskóla Íslands eru:

1. Almennt kennaranám:  
Stúdentspróf eða önnur próf við lok framhaldsskólastigs svo og náms- og starfsreynsla sem að mati skólaráðs tryggir jafngildan undirbúning. Í reglugerð skal kveða á um lágmarkskunnáttu í íslensku og heimilt er að setja sambærileg ákvæði um aðrar námsgreinar.
2. Um inntökuskilyrði til náms í uppeldis- og kennslufræðum fyrir þá sem hljóta annars staðar tilskilda menntun í kennslugreinum fer eftir ákvæðum í reglugerð sem sett skulu að fengnum tillögum skólaráðs.

3. Um inntökuskilyrði í viðbótar- eða framhaldsnám skal kveða á um í reglugerð og námsskrá að fengnum tillögum skólaráðs.

Setja má í reglugerð nánari ákvæði um inntöku nemenda í skólann eða einstaka námsþætti.

Inntaka nemenda er í höndum skólaráðs.

#### 9. gr.

Ákvæði um heilbrigðisskilyrði við skrásetningu nemenda má setja í reglugerð.

Öllum skrásettum nemendum er skylt að ganga undir heilbrigðisrannsóknir eftir því sem skólaráð ákveður í samráði við heilbrigðisyfirvöld.

#### 10. gr.

Skólaráð getur veitt nemanda áminningu eða vikið honum úr skóla um tiltekinn tíma eða að fullu ef hann hefur gerst sekur um brot á lögum eða öðrum reglum skólans. Ákvörðun um brottrekstur getur nemandi skotið til úrskurðar menntamálaráðherra. Ekki má nemandi ganga undir próf meðan á málskoti stendur.

Ætíð skal skólaráð leita álits nemendaráðs áður en brottvikning er ráðin. Veita skal nemanda kost á að svara til saka.

Hljóti nemandi dóm fyrir refsivert brot er hefur flekkun mannorðs í för með sér skv. 2. gr. laga nr. 52/1959 er skólaráði heimilt að víkja honum úr skóla. Nemandi getur skotið þeirri ákvörðun til menntamálaráðherra með þeim hætti er segir í 1. mgr. Heimilt er skólaráði að víkja nemanda úr skóla til bráðabirgða meðan réttarrannsókn í slíku máli stendur yfir.

#### 11. gr.

Tilkynni nemandi að hann sé hættur námi við skólann skal má nafn hans af nemendatali skólans. Sama máli gegnir hafi hann ekki stundað nám við skólann heilt kennsluár án gildra forfalla samkvæmt þeim kröfum sem gerðar eru um námsástundun.

Ákveða skal tímamörk náms í reglugerð, bæði námsins í heild og færslu nemenda milli ára. Skólaráð getur leyft undanþágu frá tímamörkum ef til þess eru gildar ástæður.

Heimilt er að áskilja í reglugerð að nemendur láti skrá sig til náms hvert kennsluár sem þeir stunda nám við skólann, enda falli þeir út af nemendatali ef þeir láta ekki skrá sig. Sömuleiðis er heimilt að ákveða skrásetningargjöld í reglugerð og hvernig þeim skuli varið.

Skrásetningargjöld, pappírsgjöld og önnur efnisgjöld skulu háð samþykki skólaráðs. Ákvæði um eftirlit með námsástundun nemenda má setja í reglugerð.

#### 12. gr.

Í Kennaraháskóla Íslands skal starfa nemendaráð er kjósi fulltrúa nemenda í skólaráð. Breytingar á námsskrám skulu hljóta umsögn nemendaráðs áður en þær eru afgreiddar í skólaráði. Enn fremur er það rektor til ráðuneytis í málefnum skólans. Skal það kosið af nemendum skólans til eins árs í senn.

### IV. KAFLI

#### Kennaranám.

#### 13. gr.

Almennt kennaranám í Kennaraháskólanum skal skipuleggja sem fjögurra ára nám sem lýkur með B.Ed.-prófi. Námið skal skipulagt í námseiningum og svari hver námseining til námsvinnu einnar viku. Hvert námsár er 30 starfsvikur og námið í heild því 120 námseiningar. Gefa skal árlega út kennsluskrá. Í reglugerð skal kveða á um annaskiptingu kennsluársins.

14. gr.

Almennu kennaranámi skal skipað í meginþætti sem hér segir:

I. Almennar uppeldisgreinar, samtals 30 námseiningar.

II. Kennarafræði, samtals 45 námseiningar.

Lögð er áhersla á þau faglegu vinnubrögð sem grunnskólakennarar þurfa að tileinka sér til að stunda kennslu og uppeldisstörf.

1. Eðli og inntak námsgreina grunnskólans, ásamt kennslufræði, allt að 30 námseiningar. Sérstök áhersla skal lögð á móðurmál, stærðfræði og list- og verkgreinar í starfsmenntun grunnskólakennara.

2. Æfingakennsla og starfsþjálfun í skólum allt að 20 námseiningum. Þessi þáttur taki bæði til almennrar kennslu í grunnskóla og kennslu á kjörsviði. Af þessum tíma skal skipuleggja sérstaka kándíatsönn þar sem kennaraefni annast kennslu undir leiðsögn og umsjón.

III. Kjörsvið, samtals 45 námseiningar.

Hvert kennaraefni velur eitt kjörsvið og skal vægi aðalnámsgreinar ekki vera minna en 30 námseiningar. Á kjörsviði gefst kennaraefni kostur á að kynnast viðfangsefnum og vinnubrögðum í fræðigrein og jafnframt að auka þekkingu sína í tilteknum kennslugreinum grunnskóla.

Um námsgreinar í almennu kennaranámi, skiptingu þeirra á svið og skipan kándíatsannar skal ákvarða í reglugerð.

Í námsskrá, er skólaráð setur að fengnum tillögum kennslustjóra, skal gerð grein fyrir námsskipan og kennsluháttum, svo og námsefni í einstökum greinum.

15. gr.

Um nám í uppeldis- og kennslufræðum til kennsluréttinda á framhaldsskólastigi fyrir nemendur, sem hljóta tilskilda menntun í kennslugrein annars staðar, skal ákvarða í reglugerð.

16. gr.

Að afloknu samfelldu námi og kennaraprófi frá Kennaraháskóla Íslands skulu kennarar njóta a.m.k. eins árs leiðsagnar og þjálfunar í starfi.

Kennaraháskóli Íslands hefur umsjón með leiðsögn kennara í samráði við fræðsluyfirvöld, þ.e. menntamálaráðuneyti og fræðsluskrifstofur sem sjái um framkvæmd þessarar leiðsagnar í samræmi við 12. gr. laga nr. 63/1974, um grunnskóla.

## V. KAFLI

### Endurmenntun.

17. gr.

Kennaraháskóli Íslands annast menntun kennara samhliða starfi þeirra. Kosta skal kapps um að móta og skipuleggja fjölþætta fræðslustarfsemi og kynna kennurum nýjungar í skóla- og menntamálum. Einnig skal Kennaraháskóli Íslands í samstarfi við fræðsluyfirvöld stuðla að þróun skólastarfs með því að veita fræðslu og ráðgjöf sem tekur mið af fræðilegri þekkingu, rannsóknnum á skólastarfi, óskum skóla og staðbundnum aðstæðum.

18. gr.

Endurmenntunarstjóri hefur í umboði rektors og skólaráðs umsjón með endurmenntun. Hann vinnur að stefnumótun og stýrir daglegri framkvæmd.

19. gr.

Rektor og endurmenntunarstjóra til ráðuneytis um endurmenntun er endurmenntunarnefnd sem skipuð skal þannig að skólaráð tilnefnir tvo fulltrúa, samtök kennara á grunnskóla- og framhaldsskólastigi tilnefna tvo fulltrúa og menntamálaráðuneytið tilnefnir tvo fulltrúa og skal annar þeirra vera úr hópi fræðslustjóra. Tilnefning er til fjögurra ára í senn.

Rektor, eða fulltrúi hans, boðar til funda og stýrir þeim.

20. gr.

Heimilt er rektor, að fengnum tillögum endurmenntunarstjóra, að ráða umsjónarmenn með tilteknum verkefnum á sviði endurmenntunar.

21. gr.

Ákvæði um hvernig að þessari starfsemi skuli staðið, m.a. um samstarf við Háskóla Íslands og aðrar menntastofnanir, skal setja í reglugerð.

## VI. KAFLI

### Framhaldsmenntun.

22. gr.

Kennaraháskólanum er heimilt, að fengnu samþykki menntamálaráðherra, að stofna til framhaldsnáms er lýkur með æðri prófgráðu en B.Ed.- eða BA-gráðu.

Setja skal í reglugerð ákvæði um með hvaða hætti framhaldsnám er skipulagt af skólans hálfu og hvernig stjórn þess skal hagað.

23. gr.

Þegar stofnað er til framhaldsnáms við Kennaraháskólann á tilteknu sviði skal setja um það námsskrá og kennsluskrá, þar sem meðal annars er kveðið á um umfang námsins, inntak þess, inntökuskilyrði og prófgráðu.

24. gr.

Heimilt er Kennaraháskólanum, að fengnu samþykki menntamálaráðherra, að bjóða fram viðbótarnám er lýkur með sérstakri staðfestingu. Nám þetta má meta sem hluta framhaldsmenntunar eftir B.Ed.-gráðu að fullnægðum vissum skilyrðum.

Setja skal í reglugerð ákvæði um með hvaða hætti viðbótarnám er skipulagt af skólans hálfu og hvernig stjórn þess skal hagað.

Skilgreina skal í námsskrá og kennsluskrá inntökuskilyrði, inntak, markmið, umfang og námslok.

## VII. KAFLI

### Rannsóknir.

25. gr.

Heimilt er skólaráði, að fengnu samþykki menntamálaráðherra, að ákvarða um heildarskipulag og stjórnun rannsókna og útgáfustarfsemi innan Kennaraháskóla Íslands.

Skólaráð skal setja reglur um ráðstöfun á rannsóknasjóðum sem Kennaraháskólinn hefur til umráða.

26. gr.

Heimilt er að innan Kennaraháskólans starfi rannsóknastofnun. Kennarar skólans geta fullnægt rannsóknaskyldu sinni að nokkru eða öllu leyti með störfum í þágu stofnunarinnar. Heimilt er að ráða sérfræðinga til starfa við hana.

Fela má rannsóknastofnuninni umsjón með útgáfustarfsemi á vegum Kennaraháskólans.

Rannsóknastofnunin getur veitt kennurum og kennaraefnum ráðgjöf og fræðslu um framkvæmd rannsókna.

Í reglugerð skal m.a. kveða á um starfssvið stofnunarinnar, stjórn, tengsl við skólaráð, samstarf við Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála og aðra aðila er rannsóknum sinna.

## VIII. KAFLI

### Námsmat.

#### 27. gr.

Í reglugerð og námsskrám Kennaraháskólans skal setja ákvæði um námsmat. Kveða skal á um matsform, prófgreinar, próftíma, skiptingu fullnaðarprófs í fleiri en einn hluta, undirbúningspróf, einkunnir og annað er að námsmati lýtur.

#### 28. gr.

Ef nemandi stenst ekki próf gengur frá því eftir að hann hefur byrjað próf, eða kemur ekki til prófs og hefur ekki boðað gild forföll er honum heimilt að þreyta það einu sinni að nýju næst þegar prófið er haldið. Skólaráð getur þó veitt undanþágu frá þessu ákvæði ef sérstaklega stendur á.

Í reglugerð má mæla fyrir um rétt nemenda, sem staðist hafa próf, til að endurtaka prófið.

#### 29. gr.

Við munnleg og verkleg próf, sem teljast til lokaprófs og lokaritgerðar, þar á meðal B.Ed.-ritgerð, skal vera einn prófdómari utan skólans. Skrifleg próf dæma hlutaðeigandi kennarar einir.

Nemandi á rétt til þess að fá útskýringar kennara á mati skriflegrar úrlausnar sinnar ef hann æskir þess bréfliga innan 15 daga frá birtingu einkunnar. Vilji nemandinn þá eigi una mati kennarans getur hann snúið sér til kennslustjóra. Skal þá prófdómari skipaður í hverju tilviki. Einnig getur kennari, telji hann til þess sérstaka ástæðu, óskað skipunar prófdómara í einstökum námsþáttum.

Menntamálaráðherra skipar prófdómara að fengnum tillögum skólaráðs. Þá eina má skipa prófdómara sem lokið hafa viðurkenndu fullnaðarprófi frá háskóla eða sérkennarskóla í þeirri grein sem prófdómari skal dæma. Prófdómarar skulu skipaðir til þriggja ára í senn nema skipun sé skv. 2. mgr. hér á undan.

#### 30. gr.

Skólaráð metur, að höfðu samráði við kennslustjóra og hlutaðeigandi greinakennara, hvort viðurkenna skuli nám sem nemandi hefur lokið í öðrum háskóla eða sérkennarskóla og að hverju leyti.

## IX. KAFLI

### Starfslið.

#### 31. gr.

Kennarar við Kennaraháskóla Íslands eru próffessorar, dósentar, lektorar, aðjúntar og stundakennarar, auk kennara Æfingaskólans, sbr. X. kafla laganna.

Um stofnun nýrra kennaraembætta fer eftir ákvörðun menntamálaráðherra, að fengnum tillögum skólaráðs, þegar fé er veitt til á fjárlögum.

Prófessorar, dósentar og lektorar skulu vera þeir einir sem hafa kennslu og rannsóknir við Kennaraháskólann að aðalstarfi.

Heimilt er að tillögu skólaráðs að skipa dósent eða lektor tímabundinni skipun til allt að fimm ára í senn. Um tilhögun slíkrar skipunar skal setja ákvæði í reglugerð.

Aðjúnktar eru ráðnir til eins árs hið skemmsta og taka þeir mánaðar- eða árslaun. Stundakennarar eru ráðnir til eins árs eða skemmri tíma.

Í hvert skipti er nýr kennari ræðst að skólanum skal afmarka stöðu hans með starfsheiti.

Í reglugerð skal setja meginreglur um starfsskyldur fastráðinna kennara, m.a. um tengsl þeirra við grunnskóla. Ef þörf þykir leysir skólaráð úr því hvernig starfsskylda einstakra kennara skuli skiptast.

### 32. gr.

Forseti Íslands skipar prófessora, en menntamálaráðherra dósentar og lektora. Eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum, ræður skólaráð aðjúnkta og stundakennara.

Umsækjendur um prófessorsembætti, dósentar- og lektorsstöður skulu láta fylgja umsókn sinni rækilega skýrslu um háskólamenntun sína, vísindastörf og önnur störf, ritsmíðar og rannsóknir. Þann einan má skipa í þessar stöður sem auk fullgilds háskólaprófs hefur lokið prófi í uppeldis- og kennslufræðum eða er að öðru leyti talinn hafa nægilegan kennslufræðilegan undirbúning, enda hafi dómnefnd fjallað um umsóknir og metið umsækjanda hæfan til starfsins. Taka skal tillit til reynslu umsækjenda af kennslu og skólastarfi.

Skipa skal hverju sinni þriggja manna nefnd til að dæma um hæfi umsækjenda til að gegna stöðu prófessors, dósentar eða lektors. Skipar menntamálaráðherra einn mann í nefndina, en skólaráð Kennaraháskólans hina tvo og skal a.m.k. annar þeirra vera utan stofnunarinnar. Skólaráð skipar formann nefndarinnar. Í nefnd þessa má skipa þá eina sem lokið hafa háskólaprófi í hlutaðeigandi grein eða eru að öðru leyti viðurkenndir sérfræðingar í greininni.

Dómnefnd skal láta uppi rökstutt álit um það hvort ráða megi af vísindagildi rita og rannsóknar umsækjanda, svo og námsferli hans og störfum, að hann sé hæfur til að gegna embættinu. Álitsgerð nefndarinnar skal höfð til hliðsjónar er embættið er veitt og má engum manni veita prófessorsembætti, dósentarstöðu eða lektorsstöðu við Kennaraháskóla Íslands, nema meiri hluti nefndarinnar hafi látið í ljós það álit að hann sé til þess hæfur.

Enn fremur skal leita álits skólaráðs Kennaraháskóla Íslands um umsækjendur hvort heldur um er að tefla stöðu prófessors, dósentar eða lektors.

Heimilt er að kveða svo á í reglugerð að framangreind ákvæði skuli gilda við ráðningu sérfræðinga á sviði rannsókna, sbr. ákvæði 26. gr.

Heimilt er að flytja lektor úr lektorsstöðu í dósentarstöðu og dósent úr dósentarstöðu í prófessorstöðu samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

### 33. gr.

Rektor ræður kennslustjóra, fjármálastjóra og endurmenntunarstjóra til fjögurra ára í senn að fengnum tillögum skólaráðs. Menntamálaráðherra skipar aðalbókavörð að fengnum tillögum skólaráðs.

Rektor ræður aðstoðarrektor úr hópi fastra kennara.

Rektor ræður, að fengnum tillögum skólaráðs, fulltrúa rektors, bókaverði, aðstoðarmenn endurmenntunarstjóra, námsráðgjafa, deildarstjóra, húsverði, forstöðumann gagnasmíðju, tækjavörð og annað starfslíð við stjórnslu, eftir því sem fé er veitt á fjárlögum og að fengnu samþykki menntamálaráðherra. Kveða skal nánar á í reglugerð um starfssvið, ráðningartíma, réttindi og skyldur ofangreindra starfsmanna. Heimilt er að fjölga starfshendum að fengnum tillögum skólaráðs og eftir því sem fé er veitt á fjárlögum.



34. gr.

Skólaráð veitir kennurum Kennaraháskólans reglubundin orlof samkvæmt kjarasamningum.

Enn fremur getur menntamálaráðuneytið veitt fastráðnum starfsmanni Kennaraháskólans orlof um allt að eins árs skeið með föstum embættislaunum, enda liggi fyrir fullnægjandi greinargerð um hvernig starfsmaðurinn hyggst verja orlofinu til að auka þekkingu sína eða sinna sérstökum verkefnum. Leita skal umsagnar rektors um orlofs-umsókn.

Eftir því sem fjárlög heimila getur ráðuneytið veitt starfsmanni, sem orlof hlýtur, styrk til að standa straum af nauðsynlegum ferðalögum og námsdvöl í sambandi við orlofið.

Ákvæði þessarar greinar taka einnig til fastráðinna starfsmanna Æfingaskólans, sbr. X. kafla laganna.

Nánari reglur um orlof og styrkveitingar í því sambandi má setja í reglugerð.

## X. KAFLI

### Æfingaskóli.

35. gr.

Við Kennaraháskóla Íslands skal starfa æfinga- og tilraunaskóli sem jafnframt er heildstæður grunnskóli fyrir tiltekið hverfi Reykjavíkurborgar. Heimilt er með samþykki menntamálaráðuneytis að starfrækja forskóladeildir við skólann. Skólinn nefnist Æfingaskóli Kennaraháskóla Íslands.

36. gr.

Hlutverk Æfingaskóla Kennaraháskóla Íslands er þrjúþætt. Hann er miðstöð æfingakennslu og annarra starfa kennaraefna á vettvangi og þróunarstofnun á grunnskólastigi jafnframt því að vera hverfisskóli Reykjavíkurborgar.

37. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans. Menntamálaráðherra ræður skólastjóra, kennara og aðra starfsmenn að fengnum tillögum skólastjórnar Æfingaskólans og skólaráðs Kennaraháskólans.

Stjórn skólans er falin skólastjórn og skólastjóra. Skólastjóri vinnur að stefnumótun í málefnum skólans og hefur almennt eftirlit með starfsemi hans í umboði rektors Kennaraháskólans.

Í skólastjórn eiga sæti: skólastjóri, rektor eða fulltrúi hans, fræðslustjórinn í Reykjavík eða fulltrúi hans, þrjúgjafarar kennararáðs kosið til tveggja ára í senn, einn fulltrúi kosinn af skólaráði Kennaraháskólans og einn fulltrúi foreldra kosinn til tveggja ára. Yfirkennarar skólans og æfingastjóri eiga rétt til setu á fundum skólastjórnar og hafa þar málfrelsi og tillögurétt. Skólastjóri boðar til funda og stjórnar þeim. Skólastjóri efnir til almennra starfsmannrafunda eigi sjaldnar en tvisvar á ári til að kynna og ræða stefnumótun skólans og starfsemi. Um kennarafundi fer eftir ákvæðum laga um grunnskóla.

Skólastjóri skal ráðinn til fimm ára í senn að undangenginni auglýsingu og að fengnum tillögum skólastjórnar Æfingaskólans og skólaráðs Kennaraháskólans. Heimilt er að framlengja ráðningu skólastjóra annað tímabil án lotuskila.

Við skólann skulu starfa tveir yfirkennarar og eru þeir skólastjóra til aðstoðar við daglega stjórnun. Yfirkennarar skulu ráðnir til fimm ára úr hópi fastra æfingakennara skólans. Skólastjóri gerir tillögur til skólastjórnar um ráðningu yfirkennara.

38. gr.

Stofnkostnaður Æfingaskólans skiptist þannig með aðilum að ríkissjóður greiðir  $\frac{3}{5}$  hluta hans, en borgarsjóður Reykjavíkur  $\frac{2}{5}$  hluta.

Rekstrarkostnað skólans greiða aðilar samkvæmt eftirfarandi reglum:

1. Ríkissjóður greiðir laun fastra starfsmanna, stundakennslu, forfallakennslu, heimavinnu kennara, handbækur kennara og kostnað vegna tilrauna og þróunarstarfs.
2. Allur annar rekstrarkostnaður en talinn er hér að framan skiptist þannig með aðilum að borgarsjóður Reykjavíkur greiðir fyrir hvern nemanda í skólanum þá fjárhæð sem hann greiðir í annan rekstrarkostnað á sama tíma að meðaltali fyrir hvern nemanda í grunn-skólum Reykjavíkur.

39. gr.

Við Æfingaskólann starfa fastráðnir æfingakennarar, svo margir að þeir fullnægi sem næst kennarþörf skólans. Um menntun og starfsreynslu æfingakennara skal nánar ákveðið í reglugerð.

Heimilt er að fastráðnir æfingakennarar starfi við aðra skóla en Æfingaskólann. Kennaraskipti milli Æfingaskólans og annarra skóla eru einnig heimil með samþykki menntamálaráðuneytisins og hlutaðeigandi fræðslustjóra.

Störf fastráðinna æfingakennara skiptast milli kennslu, verkefna á sviði æfingakennslu og nýbreytni- og þróunarstarfa samkvæmt nánari ákvörðun í reglugerð og erindisbréfi.

40. gr.

Skólastjórn ræður æfingastjóra til þriggja ára úr hópi fastráðinna æfingakennara að fengnum tillögum skólastjóra. Hann má endurráða einu sinni án lotuskila. Æfingastjóri annast skipulagningu æfingakennslu og annarra starfa kennaranema á vettvangi í samráði við kennslustjóra Kennaraháskólans og undir yfirstjórn skólastjóra Æfingaskólans. Heimilt er, ef henta þykir, að fela fleiri en einum æfingakennara störf æfingastjóra.

41. gr.

Menntamálaráðuneytið felur skólum, að fengnum tillögum skólaráðs Kennaraháskólans, að taka við nemendum Kennaraháskólans til æfingakennslu og annarra starfa á vettvangi. Skólastjórar þeirra skóla og skólastjóri Æfingaskólans skulu hafa samráð um þetta verkefni.

Um þóknun fer eftir ákvæðum kjarasamninga.

42. gr.

Heimilt er menntamálaráðuneytinu, að fengnum tillögum skólaráðs Kennaraháskólans, í samráði við hlutaðeigandi fræðslustjóra að fela tilteknum skólum að vera miðstöð æfingakennslu og þróunarstarfa á vegum Kennaraháskólans í fræðsluumdæmum.

Í reglugerð skal kveða á um samstarf þessara skóla við Kennaraháskólann og æfingaskóla hans.

## XI. KAFLI

### Gildistaka og reglugerð.

43. gr.

Menntamálaráðuneytið getur sett nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd þessara laga.

44. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Með gildistöku þessara laga falla úr gildi:

Lög nr. 38/1971, um Kennaraháskóla Íslands.

Lög nr. 26/1975, um Hússtjórnarkennaraskóla Íslands.

Önnur lagaákvæði sem fara í bága við lög þessi.

#### **Ákvæði til bráðabirgða.**

Ákvæði 13. og 14. gr. taka ekki til þeirra nemenda sem skrásettir voru til náms í Kennaraháskóla Íslands fyrir gildistöku laga þessara.

Ákvæði 13. og 14. gr. koma til framkvæmda innan sex ára frá gildistöku laga þessara samkvæmt nánari ákvörðun menntamálaráðherra.

#### **Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

##### **Inngangur.**

Með bréfi dagsettu 25. mars 1987 skipaði Sverrir Hermannsson, þáverandi menntamálaráðherra, nefnd til að endurskoða lög nr. 38/1971, um Kennaraháskóla Íslands.

Nefndarmenn voru: Ólafur H. Jóhannsson skólastjóri, formaður, Sólrún Jensdóttir skrifstofustjóri, Stella Guðmundsdóttir skólastjóri og Þórólfur Þórlindsson prófessor. Ritari nefndarinnar var Sigurjón Mýrdal, kennslu- og æfingastjóri.

Frá upphafi var ljóst að nefndin hefði fremur knappan tíma til starfa þar sem tveir nefndarmanna höfðu ákveðið að fara utan til framhaldsnáms síðari hluta sumars. Nefndin ákvað að haga störfum sínum á þann veg að leita með formlegum hætti eftir sjónarmiðum þeirra stofnana og samtaka er tengjast kennaramenntun. Þann 14. apríl ritaði nefndin eftirtöldum aðilum bréf: Bandalagi kennarafélaga, Fósturskóla Íslands, Háskóla Íslands, Íþróttakennaraskólanum að Laugarvatni, Kennaraháskóla Íslands, Myndlista- og handíðaskóla Íslands, Tónlistarskólanum í Reykjavík, Þroskaþjálfaskóla Íslands.

Í bréfinu var greint frá skipan nefndarinnar og óskað eftir upplýsingum, sjónarmiðum og ábendingum er að þeirra mati kæmu nefndarstarfinu að gagni.

Í framhaldi af bréfi þessu boðaði nefndin fulltrúa áður talinna stofnana og samtaka til funda þar sem rædd voru sjónarmið þeirra og afstaða til fjölmargra atriða er varða kennaramenntun; núverandi skipan hennar og æskilegar breytingar.

Einnig hélt nefndin fundi með skólastjóra Hússtjórnarkennaraskóla Íslands, deildarstjóra og starfsmönnum skólaþróunardeildar menntamálaráðuneytis, forstjóra Rannsóknastofnunar uppeldismála og samstarfsnefnd Háskóla Íslands og Kennaraháskólans.

Ritari nefndarinnar skráði frásögn af hverjum fundi og sendi hlutaðeigandi aðilum til umsagnar.

Fjölmargar gagnlegar ábendingar, sem nefndin hefur tekið tillit til, komu fram á fundum þessum.

Nefndinni bárust samþykktir og gögn frá skólastjórn Kennaraháskólans. Auk þess bréf frá stjórn Bandalags kennarafélaga, skólastjóra Þroskaþjálfaskólans og forstjóra Rannsóknastofnunar uppeldismála.

Nefndin aflaði sér gagna um kennaramenntun hérlendis og erlendis.

Þann 21. júlí 1987 skilaði nefndin Birgi Ísleifi Gunnarssyni menntamálaráðherra drögum að frumvarpi til laga um Kennaraháskóla Íslands ásamt greinargerð, einnig drögum að frumvarpi til laga um Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála ásamt greinargerð.

Samkvæmt tillögum nefndarinnar sendi menntamálaráðuneytið ofangreindum aðilum drögin til umsagnar. Auk þess bárust umsagnir frá Sambandi iðnfræðsluskóla, starfsfólki skólaþróunardeildar menntamálaráðuneytisins og fræðslustjórum.

Með bréfi dagsettu 14. október sl. fól menntamálaráðherra nefndinni að fara yfir og meta þær ábendingar og tillögur til breytinga sem fram komu í umsögnunum. Umsagnaraðilar lýstu í öllum meginatriðum fylgi við tillögur nefndarinnar. Jafnframt sendu þeir fjölmargar gagnlegar ábendingar sem nefndin hefur tekið tillit til. Nefndin skilaði Birgi Ísleifi Gunnarssyni menntamálaráðherra lokatillögum sínum 8. des. 1987. Lokagerð frumvarpsins var síðan unnin í menntamálaráðuneytinu.

Lög um Kennaraháskóla Íslands voru samþykkt á Alþingi 16. apríl 1971. Með þeim lögum var brotið blað í sögu kennaramenntunar hér á landi. Menntun kennara var færð á háskólastig í Kennaraháskólanum er vera skyldi vísindaleg fræðslu- og rannsóknastofnun í uppeldis- og kennslufræðum, sbr. 1. gr laga um Kennaraháskólann.

Í 25. gr. sömu laga er ákvæði um endurskoðun, þar segir: „Lög þessi skulu endurskoðuð eigi síðar en að tveimur árum liðnum frá gildistöku þeirra.“

Í samræmi við þetta ákvæði skipaði þáverandi menntamálaráðherra, Magnús Torfi Ólafsson, nefnd 29. nóvember 1972 til að endurskoða löggin. Nefndin skilaði frumvarpi til laga ásamt ítarlegri greinargerð í júní 1976.

Þetta frumvarp til nýrra laga um Kennaraháskóla Íslands var lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976–1977 og var það sent ýmsum aðilum til athugunar og umsagnar.

Frumvarpið var lagt fram að nýju á Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977–1978 með nokkrum breytingum sem gerðar voru, m.a. með hliðsjón af athugasemdum umsagnaraðila.

Í frumvarpinu var gert ráð fyrir veigamiklum breytingum frá gildandi lögum, m.a. var lagt til að kennaramenntun væri flutt frá Háskóla Íslands til Kennaraháskólans, svo og nám í uppeldisfræði til BA-prófs.

Frumvarpið hlaut ekki afgreiðslu.

Á þeim 16 árum, sem liðin eru frá gildistöku laga um Kennaraháskólann, hefur þeim tvisvar verið breytt lítils háttar.

Með lögum nr. 7/1981 var í 4. gr., um inntöku nemenda, bætt við ákvæði er heimilar að í reglugerð sé kveðið á um árlega skráningu nemenda. Einnig er tiltekið að ákvæði um heilbrigðisskilyrði megi setja í reglugerð.

Ákvæðum 6. gr. var einnig breytt þannig að kennaranám þeirra er velja list- og verkgreinar varð sambærilegt við annað kennaranám í Kennaraháskólanum. Vægi list- og verkgreina er þó tvöfalt á við bóklegar valgreinar.

Með lögum nr. 37/1987 var ákvæði 2. tölul. 15. gr. um kjör forstjóra Rannsóknastofnunar uppeldismála breytt lítils háttar.

Í þessari greinargerð eru gildandi lög frá 1971 með áorðnum breytingum lögð til grundvallar. Í skýringum er tilgreint hvar frumvarpið vísar frá þeim. Nefndin hefur haft frumvarpið frá 1977 til hliðsjónar við samningu þessa frumvarps og nýtir ýmsar þær skýringar og röksemdir sem þar voru færðar fram í greinargerð.

#### **Mikilvægustu nýmæli frumvarpsins.**

Í frumvarpi því, er fyrir liggur, eru gerðar tillögur um nokkrar veigamiklar breytingar á starfssviði Kennaraháskólans og stjórn hans.

Meginbreytingar frá gildandi lögum eru þessar:

1. Skýrar er tilgreint hlutverk Kennaraháskóla Íslands sem miðstöðvar kennaramenntunar í landinu. Í frumvarpinu er kveðið á um að setja skuli í reglugerð ákvæði um samstarf Kennaraháskólans við Háskóla Íslands og aðrar stofnanir á sviði kennara- og uppeldis- menntunar.
2. Kennaraháskólinn öðlast heimild til að annast framhaldsmenntun, einkum á sviði uppeldis- og kennslufræði, til æðri prófgráðu en B.Ed.- eða BA-gráðu.
3. Aukin áhersla er lögð á endurmenntun kennara.

4. Almennt kennaranám er lengt úr þremur árum í fjögur ár, tekið er upp námseiningakerfi og kveðið á um meginþætti kennaranáms á grundvelli þess.
5. Kennaraháskólanum er formlega heimilað að annast uppeldis- og kennslufræðimenntun fyrir framhaldsskólakennara.
6. Stjórnkerfi stofnunarinnar er endurskoðað með tilliti til nýrra starfssviða. Skýrari ákvæði eru um framkvæmdastjórn einstakra starfspáttá.
7. Hlutverk Kennaraháskólans sem vísindalegrar rannsóknastofnunar er skýrt. Ákvæði um Rannsóknastofnun uppeldismála í 14. og 15. gr. gildandi laga eru felld niður. Í þeirra stað er lagt til að sett verði sérstök lög um Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála sem verður þá sjálfstæð vísindastofnun og samstarfsvettvangur þeirra er rannsóknum sinna á sviði uppeldis- og skólamála.

### 1. Miðstöð kennaramenntunar.

Með frumvarpi þessu er Kennaraháskólanum fengið aukið hlutverk á sviði kennaramenntunar og rannsókna. Gert er ráð fyrir að Kennaraháskólinn annist menntun kennara í öllum greinum á grunnskólastigi og honum er veitt heimild til að annast uppeldis- og kennslufræðilega menntun framhaldsskólakennara sem hlotið hafa menntun í kennslugrein annars staðar. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að menntun kennara og önnur uppeldis- menntun verði áfram við fleiri stofnanir. Því beri að styrkja samstarf Kennaraháskólans við aðrar menntastofnanir á sviði kennslu og uppeldis, koma á skipulegum tengslum stofnana og samræma starfsmenntun þeirra. Í reglugerð fyrir Kennaraháskólann verði kveðið á um samstarf þessara stofnana, sbr. 8. tölul. 1. gr. Með skipulegu samstarfi væri unnt að koma á skynsamlegri verkaskiptingu og samnýtingu á aðstöðu og mannafla. Gert er ráð fyrir að menntun grunnskólakennara í einstökum greinum geti eftir sem áður farið fram í sérskólum og þangað geti nemendur Kennaraháskólans sótt nám á tilteknum kjörsviðum. Einnig geti grunnskólakennarar sótt þangað viðbótarmenntun í einstökum greinum. Framhaldsmenntun í uppeldis- og kennslufræðum til æðri prófgráðu, ásamt rannsóknastörfum sem slíku námi tilheyra og endurmenntun starfandi kennara, eru meginforsendur eðlilegrar þróunar Kennaraháskólans sem fullgildir háskólastofnunar og miðstöðvar kennaramenntunar í landinu. Í frumvarpinu er rennt stöðum undir slíka uppbyggingu.

### 2. Framhaldsmenntun og viðbótarmenntun.

Í frumvarpinu er lagt til að Kennaraháskólanum verði veitt heimild til að annast framhaldsmenntun, einkum á sviði uppeldis- og kennslufræða er leiði til æðri prófgráðu en B.Ed.- eða BA-gráðu.

Íslendingar þurfa nú að sækja alla framhaldsmenntun á þessu sviði til annarra þjóða. Vissulega hefur það ýmsa kosti í för með sér að komast þannig í beina snertingu við fjölmargar fremstu menntastofnanir heims, bæði vestan hafs og austan. Svo mun áfram verða í einhverjum mæli. Á hitt er einnig að líta að á því er mikil nauðsyn að íslenskum kennurum gefist kostur á framhaldsnámi til æðri prófgráðu við eigin menntastofnanir.

- Framhaldsnám til meistaraþrófs leiðir af sér aukinn faglegan styrk kennarastéttar og nauðsynlega sérhæfingu á ýmsum sviðum uppeldis- og skólastarfs.
- Framhaldsnám eflir verulega rannsóknastarf og er í raun ein meginforsenda þess að menntastofnun geti „annast rannsóknir á sviði uppeldis og kennslumála“ eins og kveðið er á um í 1. tölul. 1. gr. frumvarpsins um hlutverk Kennaraháskólans.

Um mikilvægi íslenskra uppeldisrannsókna skal vísað til greinargerðar með frumvarpi til laga um Kennaraháskóla Íslands frá 1976-1977:

Lítilli þjóð og aflfárr er brýn þörf á því að hafa náin kynni af æðstu menntum annarra þjóða, en henni er lífsnauðsyn að njóta fræðilegt sjálfræðis í uppeldismálum.

Því meiri trú sem fest er á gildi umhverfisþátta í uppeldi — og þeim einum fær uppalandi breytt samkvæmt eðli máls — því skyldara er að kanna og meta með trúverðugum kenningum, tækjum og aðferðum það sem næst er í eigin samfélagi.

Íslenskur jarðvegur, íslenskt gróðurriki hefur verið kannað eftir föngum um langt skeið, hreistur og annað fleira á fiski hefur verið skoðað um áratugi, svo og smíðaefni hvers konar til húsa og skipa, fallvötn, varmi og berggrunnur landsins, en uppeldiskjör íslenskra barna hafa engrar slíkrar fræðilegrar allsherjarathygli notið. Eru þó kjör þeirra og umhverfi allt um margt frábrugðin því er með öðrum þjóðum gerist: (Greinargerð, bls 14.)

Nefndarmenn, er unnu að gerð þessa frumvarps, telja að þarna sé hnitmiðað orðalag og því ástæða til að endurbirta þau orð hér. Í frumvarpi þessu er gerður greinarmunur á hugtökunum „framhaldsmenntun“ og „viðbótarmenntun“. Eins og að framan greinir á framhaldsmenntun við nám er leiðir til meistaraþrófs. Viðbótarmenntun á við nám sem bætt er við almennt kennaranám eða sambærilega menntun án þess það leiði til æðri prófgráðu. Dæmi um viðbótarmenntun er fyrirhugað nám fyrir stjórnendur skóla.

### 3. Endurmenntun.

Í frumvarpinu er lögð aukin áhersla á hlut Kennaraháskólans í endurmenntun kennara og er því sérstakur kafli, V kafli, um endurmenntun. Þeirri skoðun vex mjög fylgi að af einstökum þáttum ráði hæfni kennarans mestu um hversu til tekst með farsælt skólastarf þótt hagstæð ytri skilyrði og aðbúnaður allur séu nauðsynlegar forsendur. Undanfarnir ár hefur Kennaraháskólinn rekið öfluga starfsemi á sviði endurmenntunar grunnskólakennara. Kennaraháskólinn hefur leitast við, með námskeiðum og fræðslufundum, að bjóða kennurum leiðsögn um sem flesta þætti skólastarfs. Árlega taka um 800 kennarar þátt í sumarnámskeiðum og rúmlega 400 kennarar sækja styttri námskeið á starfstíma skóla. Fræðslufundir eru haldnir árlega fyrir á þriðja þúsund kennara, auk bréfaskóla um ákveðin kennslufræðileg efni og almennra fyrirlestra. Starfsemi þessi byggir á 5. tölul. 1. gr. í gildandi lögum og X. kafla reglugerðar um Kennaraháskóla Íslands. Á undanförunum missirum hefur orðið æ ljósara að þó að grunnenntun sé mikilvægur hluti af löngu ferli kennaramenntunar er hún aðeins fyrsti hluti þess. Með hraðfara þjóðfélagsbreytingum, nýjungum á sviði upplýsingatækni og fjölmiðlunar og nýrri þekkingu á vettvangi uppeldisfræða vex mikilvægi endurmenntunar meðal kennara og annarra stétta er annast uppeldi og kennslu. Víða um lönd er nú mikil gróska á þessu sviði. Ný tækni og aukin þekking, sem m. a. birtist í gagnanetum, upplýsingabönkum og fjarkennslu, veitir marga kosti í þessu efni. Hæfni kennarastéttarinnar og fagleg ábyrgð er mjög háð því að vel sé að henni búið, ekki síst á sviði endurmenntunar. Hún þarf jafnan að eiga þess kost að auka við þekkingu sína og færni með greiðum aðgangi að nýjungum á sviði menntamála og skólastarfs. Með breyttum uppeldisskilyrðum barna og þar með breyttum uppeldisháttum foreldra og heimila er mikil nauðsyn á því að vel menntaðir kennarar séu færir um „að taka ábyrga afstöðu í starfi sínu og koma til móts við einstaklingsþarfir nemenda,“ eins og segir í 6. tölul. í 1. gr. frumvarpsins.

### 4. Fjögurra ára almennt kennaranám.

Gert er ráð fyrir því í þessu frumvarpi að almennt kennaranám sé lengt og taki fjögur ár. Jafnframt verði tekið upp námseiningakerfi þar sem ein eining jafngildir námsvinnu einnar viku. Námseiningar í almennu kennaranámi verði því 120.

Mörg rök hníga að því að æskilegt sé að lengja grunnnámið.

- Undirstöðuþekking verðandi grunnskólakennara er treyst til muna og þar með lagður vandaðri grunnur að starfi þeirra, endurmenntun og framhaldsnámi.

- Svigrúm gefst fyrir ný áhersluatriði, svo sem á sviði upplýsingatækni.
- Unnt er að koma við nokkurri sérhæfingu kennaraefna, bæði með tilliti til aldurs nemenda og tiltekinna námsgreina eða greinasviða.
- Æfingakennsla og önnur störf á vettvangi grunnskólans verða aukin verulega, m.a. með væntanlegri kandiðatsönn, og með því móti treyst tengslin milli fræðilegs náms og starfs á vettvangi.
- Námtími kennaraefna á grunnskólastigi og á framhaldsskólastigi verður hinn sami, þar með er kennaranámið jafngilt að umfangi fyrir bæði skólastig. Fyrir því eru þær forsendur að kennsla ungra nemenda er ekki síður vandasamt starf en kennsla þeirra sem eldri eru; uppeldisleg ábyrgð vegur þar þungt, ekki síður en þekking í kennslugreinum. Einnig er þessi skipan líkleg til að stuðla að heildstæðni kennarastéttar hvað varðar ábyrgð í starfi, þjóðfélagsstöðu, kjör og kosti á frama í námi og starfi.
- Fyrir árið 1971 tók almennt kennaranám fjögur ár að loknu almennu námi er lauk með landsprófi miðskóla eða gagnfræðaprófi. Nú stunda um 60% nemenda framhaldsnám að loknum grunnskóla og því er, að breyttu breytanda, 4 ára kennaranám að því loknu, sambærilegt við það sem áður var.
- Margar þeirra þjóða sem við Íslendingar berum okkur gjarnan saman við í mennta- og atvinnumálum krefjast fjögurra ára starfsmenntunar af verðandi kennurum. Þar má til nefna: Danmörk, Finnland, Frakkland, Þýskaland (fimm ár), Grikkland, Írland, Skotland.

Eins og tilgreint er í skýringum með 13. og 14. gr. frumvarpsins skapar lenging almenns kennaranáms forsendur til heildarendurskipulagningar náms og kennslu.

Í samþykkt skólastjórnar Kennaraháskólans frá 21. og 22. maí 1987 segir m.a.: Við nýskipan B.Ed.-námsins í Kennaraháskólanum skal:

- a. koma til móts við þarfir íslenska grunnskólans fyrir vel menntaða kennarastétt,
- b. tryggja stígandi í náminu til aukinnar fagþekkingar og fagvitundar kennaraefna,
- c. stefnt að almennum kennsluréttindum kennara í heildstæðum grunnskóla; jafnframt því sem skilyrði eru sköpuð til sérhæfingar með tilliti til aldurstiga og þekkingarsviða,
- d. hafa í huga að grunnmenntun kennara er mikilvægur hluti af löngu ferli kennaramenntunar sem lýkur seint. Halda verður opnum leiðum til endurmenntunar og framhaldsmenntunar, bæði í kennslugreinum og í uppeldis- og kennslufræðum,
- e. auka eðlilega samskipan kennslugreina, hagnýtrar kennslufræði og vettvangsnáms,
- f. skilgreina forkröfur og inntökuskilyrði, námskröfur og námsmat.

Tillögur frumvarpsins um skipan hins almenna kennaranáms byggja m.a. á þessum sem og öðrum samþykktum skólastjórnar Kennaraháskólans.

## 5. Menntun framhaldsskólakennara.

Í frumvarpinu er lagt til að Kennaraháskólanum verði veitt heimild til að annast uppeldis- og kennslufræðimenntun fyrir kennara framhaldsskólastigs. Með bréfi dagsettu 15. janúar 1981 fól menntamálaráðuneytið Kennaraháskólanum að annast uppeldis- og kennslufræðilega menntun fyrir kennara á framhaldsskólastigi í list- og verkgreinum. Áður hafði Kennaraháskólinn veitt framhaldsskólakennurum slíka menntun á námskeiðum.

Uppeldis- og kennslufræðimenntun fyrir framhaldsskólakennara fer nú fram við fimm stofnanir: Kennaraháskóla Íslands, Háskóla Íslands, Íþróttakennaraskólann að Laugarvatni, Myndlista- og handíðaskóla Íslands og Tónlistarskólann í Reykjavík.

Auk þess hefur Hússtjórnarkennaraskólinn heimild til að mennta hússtjórnarkennara fyrir framhaldsskóla. Færa má rök fyrir því að æskilegt sé að nám í uppeldis- og kennslufræðum tengist sem best námi í viðkomandi grein eða greinasviði þannig að þessir þættir taki mið hvor af öðrum og séu, að svo miklu leyti sem unnt er, samtengdir. Um nánari skýringar er vísað til skýringa við 3. tölul. 1. gr. og 15. gr.

Í samþykkt skólastjórnar Kennaraháskólans 21. maí 1987 segir m.a.:

Auka þarf tengsl Kennaraháskólans við aðrar menntastofnanir til að bæta samskiptan kennslugreina og uppeldisgreina í kennaramenntun, sérstaklega fyrir framhaldsskólakennara. Huga þarfa að verkaskiptingu milli skólastofnana þannig að nemendur geti sótt kennslu í ýmsum kennslugreinum í aðrar menntastofnanir, en uppeldis- og kennslufræði til Kennaraháskólans.

Ákvæði 8. tölul. 1. gr. um samstarf stofnana er ætlað að tryggja tengsl uppeldis- og kennslufræði og viðkomandi kennslu- eða greinasvið.

#### **6. Stjórnkerfi Kennaraháskólans.**

Sú stofnun, sem reist var með lögum nr. 38/ 1971, um Kennaraháskólann, var tiltölulega einföld. Stofnunin var starfsmenntastofnun og sinnti einkum grunnmenntun kennara. Form stjórnkerfis er í samræmi við þetta. Kennarar skiptast í skorir eftir kennslugreinum og skorirnar eru kjarni stjórnkerfisins. Skólaráð er skipað skorarstjórum, rektor, fulltrúum nemenda og stundakennara. Skólaráð fer með framkvæmdarvald, en ákvörðunarvald er falið skólastjórn sem í sitja allir fastráðnir kennarar skólans, auk fulltrúa nemenda og skólastjóra Æfinga- og tilraunaskólans.

Ný starfssvið Kennaraháskólans á seinni árum og aukin verkefni tengd þeim hafa leitt til þess að brýnt er að endurskoða formgerð og stjórn stofnunarinnar. Sérstaklega þarf að huga að deildaskiptingu Kennaraháskólans.

Tryggja þarf aðild starfsmanna og nemenda að ákvörðunartöku og stjórnun og greiðan aðgang allra starfseininga að stjórnkerfi stofnunarinnar. Skýra þarf verksvið og verkefni skólaráðs í sífellt flóknari stofnun og skilgreina faglega og fjármálalega ábyrgð. Í þessu frumvarpi er lagt til að skólaráð fari með ákvörðunarvald í málefnum skólans og faglega ábyrgð. Rektor verður eftir sem áður yfirmaður stjórnarsýslu skólans, en framkvæmdastjórar annast í umboði hans eftirlit með daglegri starfsemi á hinum ýmsu sviðum. Gert er ráð fyrir að starfsmannafundur fjalli um mikilvægar breytingar á starfsháttum og komi að því leyti í stað skólastjórnar samkvæmt gildandi lögum sem gert er ráð fyrir að verði lögð niður.

Tillaga er gerð um breytingar á framkvæmd rektorskjörs, kosningarréttur er rýmkaður og svigrúm veitt til að velja rektor hvort sem er innan stofnunar eða utan hennar.

#### **7. Íslenskar uppeldisrannsóknir.**

Öflug og markviss rannsóknastarfsemi, ekki síst á íslenskum uppeldisskilyrðum, íslenskum uppeldishefðum og þróun og gerð menntakerfisins, er tvímælalaust nauðsynleg á tímum hraðfara þjóðfélagsbreytinga. Vönduð fræðistörf á þessu sviði eru forsenda flestra umbóta í almennu skólastarfi og jafnframt ein af meginforsendum fyrir hnitmiðaðri starfsmenntun kennara.

Í frumvarpinu er leitast við að styrkja stöðu Kennaraháskólans sem vísindalegrar rannsóknastofnunar.

Í greinargerð með frumvarpi um Kennaraháskólann frá 1976–1977, þar sem fjallað er um rannsóknir, segir:

Margt ber til að aukin áhersla er lögð á rannsóknarhlutverk Kennaraháskólans. Æ ljósara verður að sívaxandi íhlutun ríkisvalds um nám, námsferil og uppeldi ungmenna að öðru leyti, flókin gerð nútímasamfélags og sífjölgun ytri áreita gera uppeldisfræðilegar rannsóknir skyld og nauðsynleg tæki til að meta gildi löggjafar og framkvæmdar á sviði skólamála svo og virk tengsl þeirra.

Kennurum er ætluð aðild að þróunarverkefnum í skólum og svo mun verða framvegis. Er þeim því brýn nauðsyn að kynnast vísindalegum vinnubrögðum þegar í námi sínu.



Auk þess er vald hæfra manna á aðferðafræði og rannsóknartækni á sviði uppeldis- og kennslufræði beint skilyrði fyrir sjálfræði og ábyrgri ákvörðun, gildir þáttur menningarlegs sjálfstæðis og vænlegust vörn gegn hvoru sem heldur er trénum eða valdboði í uppeldisháttum. Þjálfun kennaraefna við tök móðurmáls og ofríkislausa framsetningu á sem flestum sviðum uppeldisvísinda er mikilvægur þáttur slíkra fræðslu- og rannsóknarstarfa svo að mál fræðimanna verði hvorki einkamál þeirra né villumál alþýðu, heldur nothæft tæki hennar í umræðu og ákvörðun.

Traustri fræðilegri þjálfun kennaraefna er ætlað að verða forsenda ábyrgrar skoðanamyndunar og vinnubragða í daglegu starfi og undirstaða frekari sérhæfingar ef á það reynir.

Eitt nýjasta, skýrasta og mikilvægasta dæmi um skilning íslenska löggjafans á gildi uppeldis- og kennslufræðilegra rannsókna er ákvæði laga um grunnskóla, nr. 63/1974, 62.–63. gr.

Barátta fyrir viðurkenningu löggjafans á rannsóknarþörf á sviði íslenskra uppeldismála er að vonum drjúgum eldri en löggjöf um grunnskóla. Íslensk kennarasamtök höfðu um áratuga skeið lagt áherslu á rannsóknir í þágu íslenskra barna og miðlun fræðilegra upplýsinga meðal kennara og skólamanna. Í þeim umræðum var þrífaldlega vitnað til þorsksins á miðunum og þeirrar viðhafnar er hann nyti í fjárveitingum til rannsókna meðan allsleysið eitt var lagt til uppeldisrannsókna. Reynsla hefur skorið úr því að síst var ofgert við þorskinn. Ef til vill eru menn nú að rumska til þeirrar vöku að á heimari miðum hafi þörfin síst verið minni. (Greinargerð, bls. 11.)

Rannsóknastofnun uppeldismála á formlega tilvist sína í lögum um Kennaraháskóla Íslands frá 1971 þótt um sé að ræða stofnun sem er samstarfsvettvangur þriggja aðila með sjálfstæðan fjárhag og eigin stjórn. Hér að framan hefur verið vikið að mikilvægi íslenskra rannsókna á sviði mennta- og skólamála. Samstarf stofnana er að rannsóknum vinna er mikilvægt og nauðsynlegt. Lagt er til að sett verði sérstök löggjöf um Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála þar sem stofnunin verði eflað sem sjálfstæð vísindastofnun og samstarfsvettvangur þeirra er rannsóknum sinna á sviði uppeldis- og menntamála.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

## I. KAFLI

### Hlutverk Kennaraháskóla Íslands.

Um 1. gr.

Í greininni er kveðið á um hlutverk Kennaraháskóla Íslands. Hlutverki skólans er skipt í sjö meginsvið sem merkt eru með tölulíðunum 1–7.

Í 1. tölul. er kveðið á um að Kennaraháskóli Íslands skuli vera miðstöð kennaramenntunar og vísindaleg rannsóknastofnun í uppeldis- og kennslufræðum. Í þessu ákvæði felst að saman skuli fara í starfi skólans rannsóknir og fræðsla, en rannsóknir á sviði uppeldis- og kennslufræða hafa verið vanræktar fram til þessa hér á landi.

Með stofnun framhaldsmenntunar við skólann ykist verulega svigrúm hans til rannsókna.

Annar töluliður er sambærilegur við 2. tölul. 1. gr. gildandi laga um almennt kennaranám. Um nánari skýringar vísast til greinargerðar með kafla IV um kennaranám.

Ákvæði 3. tölul. er nýmæli. Þar er gert ráð fyrir að Kennaraháskólinn öðlist heimild til að annast uppeldis- og kennslufræðimenntun fyrir kennara á framhaldsskólastigi í samvinnu við þær stofnanir er annast menntun þeirra í einstökum greinum eða greinasviðum. Skólanum hefur þegar verið falið verkefni á þessu sviði, sbr. 5. tölul. í inngangi hér að framan og skýringar við 15. gr.

Ákvæði 4. tölul. er sambærilegt við 5. tölul. í 1. gr. gildandi laga. Nánari skýringar er að finna í greinargerð með V kafla um endurmenntun.

Ákvæði 5. tölul. er nýmæli. Hér er kveðið á um heimild til handa Kennaraháskólanum að efna til framhaldsmenntunar og viðbótarmenntunar, einkum á sviði uppeldis- og kennslufræði. Um nánari skýringar er vísað til þess sem sagt var hér að framan um mikilvægustu nýmæli; einnig er vísað til skýringa við 22.–24. gr.

Ákvæði 6. tölul. er sambærilegt við 3. tölul. 1. gr. gildandi laga. Hér er kveðið á um þau meginsjónarmið mennta og mannskilnings er móta skuli starfshætti skólans.

Ákvæði 7. tölul. eru að hluta til efnislega sambærileg við ákvæði 4. tölul. 1. gr. gildandi laga. Við bætist ákvæði um að skólinn skuli á grundvelli rannsóknastarfsemi sinnar stuðla að þróun og umbótum í skólakerfinu.

Í 8. tölul. er lagt til að í reglugerð verði sett ákvæði um samstarf Kennaraháskólans við Háskóla Íslands og aðrar menntastofnanir á sviði kennaramenntunar.

Sams konar ákvæði verði sett um samstarf við sambærilegar menntastofnanir svo sem Fósturskóla Íslands og Þroskaþjálfaskóla Íslands.

## II. KAFLI

### Stjórn Kennaraháskólans.

Um 2. gr.

Grein þessi kveður á um hverjum falin er æðsta stjórn Kennaraháskóla Íslands. Hún samsvarar að nokkru leyti 1. og 3. lið 2. gr. gildandi laga, en nokkur nýmæli eru í frumvarpinu. Lagt er til að stjórn skólans sé einfölduð þannig að í stað skólastjórna og skólaráðs starfi nú aðeins skólaráð. Í skólaráð eru kjörnir fulltrúar starfsmanna og nemenda skólans og eiga fastráðnir kennarar þar flesta fulltrúa. Jafnframt er lagt til að sú skipulagsbreyting sé gerð stjórn skólans til styrktar að skýrt sé greint milli kjörinna fulltrúa í skólaráði og stjórnskipaðra embættismanna skólans.

Lagt er til að aðstoðarrektor sinni einkum rannsóknum og útgáfustarfsemi svo og framhaldsmenntun. Gert er ráð fyrir að stofnaðar verði stöður kennslustjóra og fjármálastjóra er annist í umboði rektors eftirlit með daglegri starfsemi skólans. Kennslustjóri hefur einkum umsjón með málefnum er snerta almennt kennaranám; kennslu og kennara, þar með talið gerð námsskrár og kennsluskrár, húsnæði og búnað. Fjármálastjóri hefur umsjón með fjárreiðum og starfsmannahaldi, gerð fjárhagsáætlunar og framkvæmd hennar samkvæmt fjárlögum. Lagt er til að fjármálastjóri hafi heimild til að skuldbinda skólann fjárhagslega.

Með þessari skipan eru líkur á að áætlanagerð og framkvæmd öll verði markvissari og fjármunir nýtist svo vel sem kostur er. Þessi skipan leggur grunn að auknu fjárhagslegu sjálfstæði Kennaraháskólans innan þess ramma er fjárframlög setja. Þess má geta að undanfarin tvö ár hefur menntamálaráðuneytið veitt heimild fyrir stöðu kennslustjóra. Ætlast er til að þessi tilhögun auki svigrúm rektors til að helga sig stefnumótun í málefnum skólans og almennu eftirliti með stjórn hans. Að öðru leyti er í greininni kveðið skýrar á um valdsvið hinna einstöku stjórnunaraðila.

Um 3. gr.

Greinin fjallar um kjör rektors. Í gildandi lögum er kjörgengi rektors bundið við fastráðna kennara skólans. Í frumvarpi þessu er lagt til að ákvæðið sé rýmkað þannig að kjörgengur sé hver sá er uppfyllir hæfnisskilyrði um stöðu prófessors. Þessi skipan eykur svigrúm stofnunarinnar til að velja til forustu hina hæfustu menn sem völ er á og jafnframt hleypa nýju blóði í starfsemina. Svipuð ákvæði um val forustumanns er að finna víða við

háskóla erlendis. Atkvæðisréttur við rektorskjör er rýmkaður nokkuð frá því sem nú gildir. Ákvæði um framkvæmd rektorskjörs, sem nú eru í 39. gr. reglugerðar um Kennaraháskóla Íslands, eru í frumvarpinu. Er það og í samræmi við lög um Háskóla Íslands.

Nýmæli er ákvæðið um það hvernig með skuli fara ef rektor fellur frá eða lætur af störfum áður en kjörtímabil hans er á enda, svo og ef rektor forfallast vegna veikinda eða fær leyfi frá störfum.

Um 4. gr.

Grein þessi fjallar um skipan skólaráðs. Eru hér þau frávik frá gildandi lögum að fulltrúum er fjölgað nokkuð í því skyni að allir starfshópar skólans eigi þar fulltrúa. Þá er gert ráð fyrir því að fastráðnir kennarar kjósi fulltrúa úr sínum hópi í stað þess að nú sitja skorarstjórar í skólaráði. Þessi breyting er m.a. afleiðing af því að ákvæði 7. gr. gildandi laga um skiptingu námsgreina í skorir eru felld brott.

Um 5. gr.

Nýmæli er það í frumvarpinu að tiltaka um nokkur meginatriði fundarskapa er miklu varða um greiða og skipulega fyrirtekt og afgreiðslu mála í skólaráði. Sambærilegt ákvæði er nú í 38. gr. reglugerðar skólans.

Um 6. gr.

Ákvæði um starfsmannafundi eru nýmæli. Er því ætlað að fylla upp í það skarð er myndast kann við afnám skólastjórnar. Tilhögun þessi er sveigjanlegri, en ætti að koma að svipuðu gagni. Gert er ráð fyrir að veigamiklar breytingar í starfi stofnunarinnar séu ræddar á starfsmannafundum áður en til afgreiðslu í skólaráði kemur.

Um 7. gr.

Grein þessi er nýmæli. Í 7. gr. gildandi laga er námsgreinum í almennu kennaranámi skipt í skorir sem mynda stjórnunareiningar innan skólans og skorarstjórar mynda kjarna skólaráðs. Eins og fram kom í skýringum með 2. gr. eru í frumvarpinu ákvæði um að val á fulltrúum fastráðinna kennara til setu í skólaráði fari fram með öðrum hætti.

Með auknum umsvifum Kennaraháskólans m.a. á sviði endurmenntunar og framhaldsmenntunar hentar skoraskiptingin ekki sem grunnur að stjórnkerfi skólans. Skilgreina þarf deildaskiptingu stofnunarinnar og tengja hana nýrri stjórnskipan. Því er hér lagt til að kveðið sé á um skiptingu skólans í starfseiningar, deildir, í reglugerð eða reglum sem skólinn setur fyrir afmörkuð starfssvið.

Með nýjum verkefnum og breytingum á tilhögun kennslu hefur á undanförunum árum skipulagning og umsjón námsþátta verið falin starfshópum og umsjónarmönnum.

Í þessari grein er heimilað að ráða starfsmenn til tímabundinna stjórnunarstarfa.

Það skal áréttað að eftir sem áður bera kennarar faglega ábyrgð á inntaki og framkvæmd kennslu, hver í sinni grein.

### III. KAFLI

#### Nemendur.

Í þennan kafla er skipað saman ákvæðum sem í lögum nr. 38/1971 féllu undir kaflana um nemendaráð og inntöku nemenda í skólann. Eru ákvæði þessi lítt breytt efnislega í frumvarpinu en auk þeirra er bætt við nokkrum atriðum vegna nýrra starfssviða stofnunarinnar. Tíunda og ellefta grein eru nýmæli.

#### Um 8. gr.

Í 1. tölul. er fjallað um inntökuskilyrði í almennt kennaranám. Aðalskilyrði er, eins og í gildandi lögum, stúdentspróf, en skólaráð hefur heimild til að víkja frá því og taka tillit til annarra prófa, náms og starfsreynslu þegar meta skal hvort umsækjandi hafi nægan undirbúning til að hefja nám í Kennaraháskóla Íslands og þarf ekki lengur að leita samþykkis menntamálaráðuneytisins til slíkra frávíka. Þróunin varðandi inntöku í háskóla er nú víða í þá átt að láta ekki tiltekin próf ráða úrslitum í því efni, heldur líta einnig til þess ef umsækjandi hefur með öðrum hætti aflað sér undirbúnings sem telja megi nægan grundvöll að viðkomandi háskólanámi. Þegar nefnd er stafsreynsla er hér sérstaklega haft í huga að þeir sem fengist hafa við störf tengd uppeldi og félagsmálum geti átt þess kost að setjast í Kennaraháskólann án þess að ljúka stúdentsprófi ef skólaráð metur fullnægjandi forsendur fyrir hendi að öðru leyti.

Eðlilegt er að setja lágmarkskröfur um kunnáttu í íslensku. Menningararfleifð þjóðar er bundin móðurmáli orjúfandi böndum. Það er í verkahring skólans að fleyta áfram íslenskri menningararfleifð en sá flutningur er framar öllu öðru fólgin í ræktun tungunnar. Eðlilegt er að heimila yfirstjórn Kennaraháskólans að setja nánari inntökuskilyrði ef þörf krefur, m.a. heimild til almennrar takmörkunar á inntöku nemenda í skólann vegna óviðráðanlegs fjölda umsókna og heimild til að kveða á um lágmarkseinkunnir eða sérstakan undirbúning í einstökum greinum eða fyrir einstök kjörsvið kennaranámsins.

Önnur efnisgrein er efnislega samhljóða 2. tölul. 4. gr. núgildandi laga að breyttu breytanda.

Í 2. tölul. er gert ráð fyrir að sett skuli í reglugerð sérstök ákvæði um inntökuskilyrði fyrir þá sem einungis sækja til Kennaraháskólans nám í uppeldis- og kennslufræði, sbr. 15. gr.

Þriðji töluliður er nýmæli. Þar er lagt til að í reglugerð sé kveðið á um inntökuskilyrði í viðbótar- eða framhaldsnám við Kennaraháskólann. Gert er ráð fyrir að í námsskrá, sem skólaráð samþykkir, séu sett nánari ákvæði með hliðsjón af því námi sem í boði er. Í sumum tilvikum kann að vera eðlilegt að krefjast nokkurrar starfsreynslu af umsækjendum um framhalds- og viðbótarnám. Sjá einnig greinargerð með VI. kafla um framhaldsnám.

#### Um 9. gr.

Greinin er að mestu óbreytt frá 5. tölul. 4. gr. gildandi laga.

#### Um 10. gr.

Þessi grein er nýmæli. Er greinin að nokkru leyti sniðin eftir 24. og 25. gr. laga nr. 84/1970, um Háskóla Íslands. Ekki þykir síður þörf á því hér að kveða á um viðurlög ef nemandi brýtur lög eða aðrar reglur skólans eða gerist sekur um alvarlegt refsilagabrot. Er það bæði byggt á nauðsyn þess að halda uppi hæfilegum aga og aðhaldi innan skólans, almennum varnarsjónarmiðum og ekki síst því að þeir er veljast til kennslu barna og ungmenna séu vel þroskaðir siðferðislega.

Ekki er gert ráð fyrir að til brottvikningar að fullu komi nema um ítrekun sé að ræða eða stórfelld brot. Ella má láta við áminningu sitja eða brottvikningu um stundarsakir. Ætíð hefur nemandi rétt til að skjóta ákvörðun um brotttrekstur til úrskurðar menntamálaráðherra. Ekki má nemandi þó ganga undir próf meðan á málskoti stendur.

Auk málskotsréttar nemanda á ætíð að veita honum kost á að svara til saka og leita skal álits nemendaráðs áður en brottvikning er ráðin.

Ákvæði um brottvikningu að fullu vegna tiltekinna alvarlegra refsilagabrota er aðeins heimildarákvæði og því vægara en sambærilegt ákvæði 25. gr. laga nr. 84/1970. Brot þau,

sem hér um ræðir, eru einungis þau brot er hafa flekkun mannorðs í för með sér, þ.e. ef sakborningur hefur verið fullra 18 ára er hann framdi brotið og refsing er fjögurra mánaða fangelsi óskilorðsbundið hið minnsta eða öryggisgæsla er dæmd, sbr. 2. gr. laga nr. 52/1959, sbr. lög nr. 45/1961.

Um 11. gr.

Ákvæði 1. mgr. er nýmæli. Þykir heppilegt að lögfesta skýra reglu til að forðast hugsanlegan ágreining um það hvort nemandi teljist við nám í skólanum og njóti réttinda og beri skyldur sem innritaður nemandi. Lagt er til að í reglugerð sé heimilt að setja ákvæði um tímamörk náms.

Gert er ráð fyrir að í reglugerð megi áskilja árlega skráningu, í því skyni fyrst og fremst að koma við betri yfirsýn og meira aðhaldi en áður. Jafnframt þykir rétt að heimila ákvörðun skrásetningargjalda með reglugerð og hvernig þeim skuli varið, m.a. í þágu nemenda sjálfra. Ákvæði greinarinnar eiga sér hliðstæðu í 4. gr gildandi laga og í 21. og 26. gr. laga nr. 84/1970, um Háskóla Íslands.

Um 12. gr.

Ákvæði um nemendaráð er efnislega óbreytt, sbr. 3. gr. gildandi laga. Nemendaráði er þó einnig ætlað að tilnefna fulltrúa nemenda í starfshópa er fjalla um tiltekin viðfangsefni svo sem skipulag kennslu, val námsefnis og tilhögun námsmats. Ætlast er til að nemendaráð fjalli um námsskrár skólans og breytingar á þeim áður en þær hljóta staðfestingu skólaráðs. Afdráttarlaus ákvæði um að nemendaráð skuli starfa innan skólans og eiga aðild að stjórn hans lýsa því sjónarmiði að virk þátttaka nemenda, bæði þeirra sem stunda almennt kennaranám, kennsluréttindanám og þeirra er stunda viðbótar- og framhaldsnám, í stefnumótun innan skólans og daglegri framkvæmd sé starfi hans mjög til framdráttar.

#### IV. KAFLI

##### **Kennaranám.**

Í þessum kafla er fjallað um grunnmenntun kennara, bæði almennt kennaranám og kennsluréttindanám.

Um 13. gr.

Lagt er til að almennt kennaranám, sem lýkur með B.Ed.-prófi og miðast við almenn kennsluréttindi í grunnskólum, sé aukið nokkuð og lengt í fjögurra ára nám, u.þ.b. 30 vikur á ári. Í gildandi lögum er gert ráð fyrir þriggja ára námi, með 8½–9½ mánaða kennslu á ári.

Sú breyting er hér einnig gerð frá gildandi lögum að námið er skipulagt í námseiningum þar sem hver eining er ígildi einnar viku vinnu og námið því 120 einingar allt. Í gildandi lögum er öllum námstímanum skipt í 12 hluti og hver hlutur jafngildir u.þ.b. sex vikustundum árlangt. Breytingin er gerð til að auðvelda skipulag náms og námsmat og er í samræmi við einingamat sem nú er víða notað í skólakerfinu, m.a. í Háskóla Íslands. Ætti því þessi tilhögun jafnframt að auðvelda gagnkvæma og sjálfsagða viðurkenningu námshluta milli Kennaraháskólans og Háskóla Íslands.

Um rökstuðning fyrir lengingu almenns kennaranáms vísast til inngangs í þessari greinargerð. Hér skal þó drepið á fáein atriði.

Undanfarin ár hafa verið gerðar umtalsverðar breytingar á skipan B.Ed.-námsins í Kennaraháskólanum. Hafa þær einkum beinst að því að gera viðfangsefni kennaranema samstæðari með hliðsjón af viðtekinni sundurbútnun og tvístringi viðfangsefna, auk þess sem leitast hefur verið við að tengja kennaranámið betur væntanlegum starfsvettvangi.

Núgildandi löggjöf veitir mjög takmarkað svigrúm fyrir nýjar áherslur í inntaki og starfsháttum kennaranámsins og ýmsar umbótatilraunir hafa ýmist kafnað, strandað eða týnst í yfirfullri kennsluskipan grunnnámsins.

Fleiri rök hníga að lengingu B.Ed.-námsins:

- Breyttar þjóðfélagsaðstæður valda því að auknar kröfur eru nú gerðar til grunnskólakennara. Í skýrslu menntamálaráðherra: *Endurmat á störfum kennara* (febrúar 1985), eru nefnd nokkur veigamikil atriði sem breytt hafa starfsskilyrðum kennara og tilgreindar eru kröfur sem gerðar eru til þeirra, ekki síst auknar faglegar kröfur á sviði uppeldis, kennslu, samstarfs og stjórnunar.
- Víðast hvar í nágrannalöndum hefur stofnmenntun grunnskólakennara verið lengd og stendur í a.m.k. fjögur ár. Nokkru varðar að gæta samræmis við aðrar þjóðir á þessu sviði.
- Menntun framhaldsskólakennara á Íslandi stendur í a.m.k. fjögur ár og er metin til 120 eininga. Engin málefnaleg rök eru fyrir öðru en að stofnnám grunnskólakennara sé jafnlangt námi framhaldsskólakennara, þvert á móti má álykta að því meira sé komið undir öryggi og starfshæfni kennara sem nemandinn er yngri.
- Lenging námsins mun, eins og áður sagði, veita svigrúm fyrir ný áhersluatriði, t.d. á sviði upplýsingatækni og fyrir aukið vægi undirstöðugreina í kennaramenntun, svo sem móðurmáls, stærðfræði, list- og verkgreina og sérkennslufræða. Auk þess mun lengt grunnnám auka sjálfstæð störf kennaraefna tengd starfsvettvangi, sbr. ákvæði um kandídatsönn.

Lenging kennaranámsins birtist ekki í viðbót eða yfirbyggingu á núverandi skipan, heldur verði námið endurskipulagt í heild.

Um 14. gr.

Skipting kennaranámsins í þrjá meginþætti og ákvæði um námseiningar fela bæði í sér meiri sveigjanleika í skipulagningu kennslunnar og í vali kennaraefna á námsefni en gildandi lög.

Einstakar námsgreinar eru ekki lögbundnar, heldur gert ráð fyrir að þær séu ákvarðaðar í reglugerð og námsskrá sem stofnunin setur sér með formlegum hætti.

Ákvæði um námseiningar og námþætti auðvelda skipan kennslunnar og gera hægara um vik að bæta kennaranámið með markvissum hætti, t.d. að bæta við nýjum og skipa saman námsgreinum.

Gert er ráð fyrir að allir, sem B.Ed.-prófi ljúka, hafi hlotið undirbúning til að sinna almennri bekkjarkennslu en auk þess er kennaraefnum gefið svigrúm til að einbeita sér hvort heldur er að bekkjarkennslu með fjölbreyttu vali námsgreina eða að kennslu einstakra námsgreina.

Skýringarnar, sem hér fara á eftir, um nýja skipan B.Ed.-námsins eru unnar eftir samþykkt skólastjórnar Kennaraháskólans frá 21. og 22. maí 1987.

#### **Meginþættir námsins verða:**

##### *I. Uppeldisgreinar (30 einingar).*

Afar mikilvægt er að kennaraefni öðlist heildstæða þekkingu í uppeldisgreinum sem verði kjölfesta í starfsmenntun þeirra. Í umfjöllun um þessar greinar skal tekið mið af þróun íslensks samfélags. Á skólanum hvílir sú skylda að flytja fram íslenska tungu og menningu. Ber að leggja áherslu á þennan þátt í almennu kennaranámi.

Nauðsynlegt er að kennaraefni fái tóm til sjálfstæðrar námsvinnu, jafnframt því að þeir öðlist heildstæða mynd af eðli og þroska einstaklingsins í félagslegu, menningarlegu og sögulegu ljósi.

## *II. Kennarafræði (45 einingar).*

Hér er átt við þá starfsþekkingu og vinnubrögð sem grunnskólakennarar þurfa að hafa á valdi sínu til að stunda kennslu sem fagmenn. Æskilegt er að öll kennaraefni nái grundvallartökum á tilteknum kjarna starfsmenntunar svo sem á sviði móðurmáls og kennslu byrjenda. Margir skólar í landinu eru það smáir að þar verður ekki komið við verkaskiptingu í kennslu, einnig má ætla að kunnáttu í kennslu undirstöðugreina hafi yfirfærslugildi á kennslu í öðrum greinum.

Inntak kennarafræðanna gæti skipst sem hér segir:

- i. Eðli og inntak námsgreina grunnskólans ásamt kennslufræði (allt að 30 einingar). Hér er átt við innsýn og skilning kennara á þeim viðfangsefnum sem nemendur í grunnskólum þurfa að fást við og hvernig þau samrýmast þroska þeirra, þekkingu, færni og áhuga. Fengist er við greiningu á náms- og menntunarþörfum nemenda, skipulagningu (markmiðssetning, kennsluaðferðir, námsmat), rökstuðning, framkvæmd og mat á skólastarfi. Auk þessa eru ýmsir aðrir starfsleikniþættir, svo sem viðtalstækni, samskipta-tækni, skýrslugerð. Beiting móðurmáls og þekking á því er þungamiðja alls náms. Því ber að leggja áherslu á fræðslu um íslenska tungu og málnotkun ásamt fræðslu um íslenskt samfélag og umhverfi í samtíð og fortíð. Enn fremur er lögð áhersla á mikilvægi stærðfræði. Annar meginþáttur í grunnskólanámi á að vera þjálfun handar. Í kennaranámi þarf að efla fræðslu um list- og verkgreinar, þar sem gefinn er gaumur að hvoru tveggja: tjáningarmiðlun og persónuleikamótun annars vegar, verkmennt hins vegar.
- ii. Æfingakennsla og starfsþjálfun í skólum (allt að 20 einingar). Hér er átt við þjálfun á einstökum kennslufræðilegum starfsleikniþáttum og þátttöku í skólastarfi (æfingakennsla o.fl.) undir leiðsögn æfingakennara. Þessi þáttur þarf að taka bæði til almennrar kennslu í grunnskóla og kennslu á kjörsviði. Áheyrn í skólum og æfingakennsla spanna nú 13 vikur í almennu kennaranámi. Hér er gert ráð fyrir verulegri aukningu, m.a. sérstakri kandidatefni þar sem kennaraefni verja löngum samfelldum tíma til kennslu og annarra starfa í skólum undir leiðsögn og umsjón reyndra kennara.

## *III. Kjörsvið (45 einingar).*

Gert er ráð fyrir að valgreinar í grunnnámi til B.Ed.-prófs greinist á svonefnd kjörsvið. Hvert kennaraefni velur eitt kjörsvið (45 einingar). Á kjörsviðum skal leitast við að:

- i. Veita undirstöðu í fræðigreini. Kennaraefni kynnist viðfangsefnum og vinnubrögðum á afmörkuðu þekkingarsviði enda má ætla að slík kynni hafi yfirfærslugildi á önnur þekkingarsvið.
- ii. Veita þekkingu og leikni í tiltekinni námsgrein grunnskóla. Kennaraefni fái nokkra innsýn í þá þekkingargrein sem námsgreinin byggir einkum á, eðli hennar og formgerð og glöggvi sig þannig á einkennum námsgreinarinnar.
- iii. Veita þekkingu og leikni í þeim þáttum greinarinnar sem fengist er við í grunnskóla samkvæmt námsskrá. Kennaraefni kynnist náið hugmyndum um kennsluefni og vinnuáferðir sem unnt er að beita í greininni.

Með þessari tilhögun er sveigjanleiki náms í valgreinum aukinn. Kjörsvið er sett saman úr aðalgrein og aukagrein, ýmist einni eða tveimur. Aðalgrein telur 30 einingar hið minnsta, 40 einingar hið mesta (list- og verkgreinar). Aukagrein getur talið mest 15 einingar, minnst 5 einingar. Á kjörsviði með 40 eininga aðalgrein verður 5 eininga aukagrein, en á kjörsviði með 30 eininga aðalgrein bjóðast tvær aukagreinar. Aukagrein getur verið annaðhvort bundin eða valfrjáls. Aukagreinar verða fleiri á kjörsviðum sem miðast einkum við bekkjar-kennslu en aðalgrein vegur þyngra á þeim kjörsviðum sem miðast einkum við greina-kennslu.

Eðlilegt er að allar meginnámsgreinar grunnskólans séu valgreinar í almennu kennarnámi. Mikilvægt er að list- og verkgreinar, íþróttir og líkamsrækt skipi þar sama sess og bóklegar greinar.

Mikilvægt er að gefa kennaraefnum kost á nokkurri sérhæfingu í námi sínu og skapa þannig möguleika til dýpkunar og athugana á sérsviðum kennaramenntunar sem starfsskipting skóla krefst. Slík sérhæfing í námi skerðir þó ekki hin almennu kennsluréttindi í grunnskólum.

#### Um 15. gr.

Það er nýmæli að Kennaraháskólanum sé í lögum heimilað að annast uppeldis- og kennslufræðilega menntun kennara á framhaldsskólastigi. Engin heildarskipan gildir í landinu um menntun framhaldsskólakennara. Hluti þeirrar menntunar fer nú fram á framhaldsskólastigi og hluti á háskólastigi. Háskóli Íslands veitir kennsluréttindi í þeim bóklegum greinum sem hann kennir til prófgráðu. Myndlista- og handíðaskóli Íslands, Tónlistarskólinn í Reykjavík, Íþróttakennaraskóli Íslands og Hússtjórnarkennaraskóli Íslands hafa rétt til að mennta sérgreinakennara, hver á sínu sérsviði, til starfa í grunnskólum og framhaldsskólum.

Mikið skortir á að löggjafinn hafi tryggt menntun kennara fyrir öll svið hins almenna skólakerfis. Efling framhaldsskólastigsins og fjölgun fjölbrautaskólanna leiddi í ljós að stór kennslusvið nutu ekki innlendra kennaramenntunar.

Að höfðu samráði við stjórnendur Kennaraháskólans og Háskóla Íslands fól menntamálaráðuneytið Kennaraháskólanum, með bréfi dags. 15. jan. 1981, að skipuleggja og annast kennslufræðimenntun fyrir kennara í list- og verkgreinum á framhaldsskólastigi. Slíkt nám er nú skipulagt sem tveggja ára hlutanám. Kennarar, sem útskrifast hafa með þessi kennsluréttindi, starfa m.a. við fjölbrautaskóla, iðnskóla, sjómannaskóla og við menntun hjúkrunarstétta.

Kennsluréttindanámi fyrir list- og verkgreinakennara er komið á talsverðan rekspöl í Kennaraháskólanum án þess að löggjöf geri ráð fyrir slíkri kennaramenntun þar eða annars staðar.

Brýnt er að rennt sé lagastoðum undir ofanefnt verkefni og auk þess ættu lögin að skapa grundvöll að fjölbreytilegum og sveigjanlegum samskiptum milli Kennaraháskólans og annarra stofnana þar sem kennaramenntun eða hlutar kennaramenntunar fara fram. Þannig gæti t.d. Kennaraháskólinn annast uppeldis- og kennslufræðihluta kennaranáms á móti kennslugreinahluta sem háskóli eða sérstofnun veitti.

Þetta ákvæði gengur ekki á rétt þeirra menntastofnana sem nú mennta sérgreinakennara. Þvert á móti er gert ráð fyrir að þær starfi áfram, eftir því sem aðstæður krefjast. Hins vegar opnast ýmsir möguleikar varðandi þróun kennaramenntunar og einstakra menntastofnana kennara. Þeirri stefnu vex mjög víða fylgi að styrkja beri tengsl kennara á mismunandi sviðum, efla skilning þeirra á starfi sínu og sameiginlegum kjarna þess hver sem kennslugrein þeirra er, verksvið eða aldursflokkur sem kennt er.

Einnig getur ákvæði þetta komið í veg fyrir tvíverknað og stuðlað að hagfelldari nýtingu fjármagns, svo og bættri náms- og starfsaðstöðu í kennaramenntun.

Eins og að er vikið í athugasemd um 1. gr. og hér að framan er augljós nauðsyn á nánu samstarfi Kennaraháskóla Íslands við aðrar menntastofnanir kennara og annarra uppeldisstétta. Í þessari grein er gert ráð fyrir að skipulagsgrundvöllur slíkrar samvinnu verði treystur með ákvæðum í reglugerð. Koma þessi ákvæði að nokkru í stað fyrirmæla í 1. gr. gildandi laga um verkaskiptingu milli Kennaraháskólans og Háskóla Íslands.

#### Um 16. gr.

Ákvæði þetta á sér hliðstæðu í gildandi lögum um Kennaraháskóla Íslands, 10. gr., í erindisbréfi fyrir leiðsögukennara og í lögum um grunnskóla, 5. tölul. 12. gr.



## V. KAFLI

### Endurmenntun.

Kafli þessi er nýmæli. Í 5. tölul. 1. gr. gildandi laga eru ákvæði um að eitt af hlutverkum Kennaraháskólans sé að annast endurmenntun og viðbótarmenntun kennara á skyldunámsstigi. Sambærilegt ákvæði er að finna í 4. tölul. 1. gr. þessa frumvarps. Í inngangskafli greinargerðarinnar um helstu nýmæli eru færð rök fyrir brýnni nauðsyn á öflugri starfsemi á þessu sviði.

Um 17. gr.

Í greininni er kveðið á um megintilgang endurmenntunar og er greinin efnislega sambærileg 5. tölul. 1. gr. gildandi laga. Verksvið er tvíþætt: að kynna kennurum markverðar nýjungar á sviði skóla- og uppeldismála og veita þeim faglega ráðgjöf og stuðning við að móta starfshætti í samræmi við eigin markmið og staðbundnar aðstæður.

Um 18. gr.

Lagt er til að tilteknum embættismanni, endurmenntunarstjóra, sé falin í umboði rektors umsjón með þessari starfsemi eins og verið hefur undanfarin ár, enda í samræmi við 72. og 73. gr. í gildandi reglugerð um Kennaraháskólann. Endurmenntunarstjóri vinnur, í samráði við rektor og kennslustjóra, að stefnumótun og stýrir daglegri framkvæmd. Gert er ráð fyrir því að endurmenntunarstjóri njóti aðstoðar frá starfslíði skólans á sviði stjórnsýslu. Um ráðningarform vísast til 33. gr. um ráðningu annarra starfsmanna en fastráðinna kennara.

Um 19. gr.

Lagt er til að skipuð sé sérstök nefnd rektor og endurmenntunarstjóra til ráðuneytis um endurmenntun kennara.

Nefndinni er ætlað að tryggja samráð skólaráðs, samtaka kennara og menntamálaráðuneytis, þar með taldir fræðslustjórar, um stefnumörkun og framkvæmd.

Um 20. gr.

Nauðsynlegt hefur reynst að skipta endurmenntun á svið eða aðrar starfsheildir, svo sem námskeið, fræðslufundi, bréfaskóla, erindaflokka, leiðsögn við nýliða, fjarkennslu o.fl. Hér er lagt til að rektor, í samráði við endurmenntunarnefnd, sé heimilt að ráða umsjónarmenn með slíkum tilteknum verkefnum.

Um 21. gr.

Gert er ráð fyrir að sett verði í reglugerð nánari ákvæði um stefnumörkun, skipulag og framkvæmd endurmenntunar. Verði þar kveðið á um samráð og samstarf allra þeirra stofnana er annast menntun kennara samkvæmt ákvæði 8. tölul. 1. gr. frumvarpsins.

## VI. KAFLI

### Framhaldsmenntun.

Kafli þessi er nýmæli.

Um 22. gr.

Í grein þessari er kveðið á um heimild til handa Kennaraháskólanum að fengnu samþykki menntamálaráðherra að stofna til framhaldsnáms er leiði til æðri prófgráðu en B.Ed.-eða BA-gráðu, svo sem meistaraþrófsgráðu.

Brýnt er að kennarar og aðrar uppeldisstéttir eigi kost á framhaldsmenntun hér á landi. Fram til þessa hafa uppeldisstéttir þurft að sækja alla formlega framhaldsmenntun til

annarra þjóða og munu þess fá dæmi meðal þeirra menningarþjóða sem Íslendingar bera sig oftast saman við.

Framhaldsmenntun til æðri menntagráðu mundi treysta Kennaraháskólann í sessi sem starfsmenntastofnun og opna nýja möguleika til öflugrar rannsóknastarfsemi. Lagt er til að í reglugerð sé kveðið á um með hvaða hætti verði unnið að tillögugerð og stefnumótun fyrir framhaldsmenntun innan skólans og með hvaða hætti framhaldsdeildum verður stjórnað, m.a. sé kveðið á um tengsl þeirra við skólaráð.

#### Um 23. gr.

Hér er kveðið á um að fyrir framhaldsnám á tilteknu sviði skuli setja námsskrá þar sem lýst er markmiðum námsins og kveðið á um inntak þess, umfang, prófgráðu, inntökuskilyrði og annað er að náminu lýtur. Kennslustjóri hefur umsjón með verkefni þessu í umboði rektors og getur hann falið þeim sem settir eru til að stjórna náminu framkvæmd verksins.

#### Um 24. gr.

Hér er kveðið á um heimild til handa Kennaraháskólanum til að bjóða viðbótarmenntun á tilteknum sviðum er lýkur með sérstakri staðfestingu. Viðbótarnám gæti jafnframt verið hluti framhaldsnáms á sama sviði. Nám af þessu tagi er t.d. tveggja ára nám í sérkennslufræðum sem starfrækt hefur verið við skólann frá haustinu 1985 og nám fyrir stjórnendur skóla sem menntamálaráðherra, með bréfi dags. 28. jan. 1987, fól Kennaraháskólanum að koma á fót í samræmi við tillögur nefndar sem skipuð var í þessu skyni.

## VII. KAFLI

### Rannsóknir.

Kaflí þessi er nýmæli. Hér er fjallað um rannsóknir á vegum Kennaraháskólans í samræmi við ákvæði 1. gr. frumvarpsins um hlutverk skólans sem vísindalegrar rannsóknastofnunar.

#### Um 25. gr.

Störf prófessora, dósentna og lektora skiptast í kennslu, stjórnun og rannsóknastörf. Um hlutfall rannsókna af heildarstarfi segir í reglugerð og kjarasamningum.

Lagt er til að skólaráði verði heimilt, að fengnu samþykki menntamálaráðherra, að ákvarða um heildarskipulag og stjórnun rannsókna og útgáfustarfsemi innan skólans. Mikilvægt er að Kennaraháskólinn hafi sjálfstæði um að skipa þessum málum á þann veg að treystur sé skipulagslegur grundvöllur rannsókna, áætlanagerð og yfirsýn. Þó sé þess gætt að hvort tveggja fari saman, heildarskipan með virkri stjórn og vísindafrelsi stafsmanna. Ein megin forsenda vísindalegrar starfsemi er vel búið bókasafn með sérmenntuðu starfslíði og góðri starfsaðstöðu.

Í greininni er einnig kveðið á um að setja skuli reglur um ráðstöfun á þeim rannsóknastofnum sem stofnunin hefur til umráða hverju sinni.

#### Um 26. gr.

Í greininni er heimilað að innan Kennaraháskólans starfi rannsóknastofnun á sviði uppeldis- og kennslufræða, samkvæmt ákvörðun skólaráðs og með samþykki menntamálaráðherra. Sambærilegt ákvæði er í 9. gr. laga um Háskóla Íslands, nr. 77/1979. Í reglugerð um stofnunina skal m.a. kveða á um starfssvið hennar, stjórn, tengsl við skólaráð, Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála og aðra aðila er sinna rannsóknum.

Eins og fram kom í inngangi er gert ráð fyrir að sett verði löggjöf um Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála sem sjálfstæða stofnun sem jafnframt er samstarfsvettvangur þeirra er rannsóknum sinna á þessu sviði.

## VIII. KAFLI

### Námsmat.

Um 27. gr.

Lagt er til að ákvæði um námsmat, próf og einkunnir, verði sett í reglugerð og um nánari framkvæmd sé tilgreint í námsskrám sem Kennaraháskólinn setur, bæði fyrir almennt kennaranám, kennsluréttindanam og viðbótar- og framhaldsnám. Þessi skipan er í samræmi við það meginéinkenni frumvarpsins að ekki skuli í lögum kveðið á um framkvæmd einstakra þátta í starfsemi skólans.

Í reglugerð og námsskrám skal m.a. kveða á um einkunnakvarða, próftíma, matsform og skráningu.

Um 28. gr.

Hér er kveðið á um heimild til handa nemendum að endurtaka próf, en engin slík ákvæði eru í gildandi lögum. Þá er gert ráð fyrir að í reglugerð megi setja ákvæði um endurtöku prófs til að fá betri vitnisburð enda þótt nemandi hafi hlotið lágmarkseinkunn í greininni.

Greinin á sér hliðstæðu í 27. gr. laga nr. 77/1979, um Háskóla Íslands.

Um 29. gr.

Hér er mælt fyrir um hvernig dæma skuli fullnaðarpróf. Í greininni felast veigamiklar breytingar frá gildandi lögum, en í meginatriðum er fylgt þeirri tilhögun sem gildir í Háskóla Íslands, sbr. 29. gr. laga nr. 77/1979. Samkvæmt því er gert ráð fyrir að prófdómendur utan skólans verði því aðeins við skrifleg próf að sérstök ástæða þyki til. Þá er öllum nemendum tryggður réttur til málskots að því er varðar mat kennara á skriflegri úrlausn.

Í greininni eru ákvæði um val prófdómenda og skipunartímabil ítarlegri en í gildandi lögum.

Um 30. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

## IX. KAFLI

### Starfslið.

Um 31. gr.

Í gildandi lögum eru ákvæði um fjölda prófessora og dósentna. Ákvæði þetta hefur reynst dauður bókstafur og er það því fellt niður í frumvarpinu og í þess stað gert ráð fyrir að stofnun nýrra kennaraembætta fari eftir ákvörðun menntamálaráðherra, að fengnum tillögum skólaráðs og eftir því sem fé er veitt til slíkra embætta í fjárlögum.

Nýmæli er heimild til að skipa dósentna eða lektora tímabundið.

Í reglugerð skal kveða á um starfsskyldur kennara, m.a. um skiptingu starfs milli kennslu, rannsóknna og stjórnunar og um tengsl fastráðinna kennara við hið almenna skólastarf, en sterk tengsl kennara Kennaraháskólans við skóla landsins, einkum grunn-skólana, auka líkur á því að fræðilegt kennaranám taki jafnan mið af raunverulegum aðstæðum.

Um 32. gr.

Nýmæli er það að skólaráð ráði adjúnkta í stað þess að menntamálaráðherra sá um ráðningu þeirra áður.

Gert er ráð fyrir að skipuð sé dómnefnd til að dæma um hæfni umsækjenda til að gegna stöðu lektors með sama hætti og ákvæði eru um í gildandi lögum varðandi umsóknir um

prófessors- og dósentstöður. Nýmæli er heimild til að flytja lektor úr lektorstöðu í dósentstöðu og dósent úr dósentstöðu í prófessorstöðu samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð, en hliðstætt ákvæði er í lögum um Háskóla Íslands.

Í greininni er gert ráð fyrir að heimilt verði að ráða sérfræðinga við rannsóknastörf (sbr. 26. gr.) með formlegum hætti.

Um 33. gr.

Í greininni er kveðið á um með hvaða hætti skuli ráða þá starfsmenn er ekki falla undir ákvæði 31. gr.

Um 34. gr.

Með breytingum þeim, sem greinin gerir ráð fyrir á ákvæðum 23. gr. gildandi laga um orlof við Kennaraháskólann, er megináhersla lögð á þarfir skólans og frumkvæði. Kemur það fram með þrennum hætti:

1. Orlof skal vera heimilt föstum starfsmönnum skólans, en ekki kennurum hans einum,
2. skylt er ráðuneyti að leita umsagnar rektors um umsóknir um orlof starfsmanna,
3. réttur til orlofs er ekki háður þjónustualdri starfsmanns.

Sveigjanleiki ákvæða frumvarpsins er eftir því sniðinn að reglur um orlof verði í reynd til að efla hæfni starfslíðs skólans.

Á því er alllög hefð að veita kennurum einum fastra starfsmanna við skóla orlof. En hvort tveggja er að við Kennaraháskólann kunna fastir starfsmenn að inna mikilvæga kennslu af höndum, þó að ekki beri þeir kennaranafn — það á t.d. við kennslustjóra, bókaverði, endurmenntunarstjóra, og aðrir kunna ásamt þeim að láta í té ýmsa þjónustu við kennaranám, t.d. í tækni margháttadri, og getur mikið oltið á því fyrir skólann að þeim gefist kostur á að auka við sig námi.

Þá er tekið fram í greininni að ákvæði um veitingu orlofs nái einnig til fastráðinna starfsmanna Æfingaskólans, sbr. X. kafla frumvarpsins, enda gegna þeir mikilvægu hlutverki á sviði kennaramenntunar.

## X. KAFLI

### Æfingaskóli Kennaraháskóla Íslands.

Um 35. gr.

Greinin kveður á um starfrækslu sérstaks hverfisskóla í Reykjavík sem skal vera miðstöð æfingakennslu við Kennaraháskóla Íslands. Greinin er í aðalatriðum samhljóða 16. gr. gildandi laga.

Æfingadeildir hafa starfað við Kennaraskóla Íslands allt frá stofnun hans. Deildirnar sóttu nemendur víðs vegar að úr borginni, en á því varð þó breyting árið 1968 þegar hverfisskóli tók til starfa í eigin skólahúsi á lóð Kennaraháskólans. Ákvæði um sérstakan æfingaskóla höfðu þó verið í lögum allt frá árinu 1943, sbr. lög nr. 50/1943, um Kennaraskóla Íslands.

Nafn skólans er í frumvarpi þessu stytta úr Æfinga- og tilraunaskóli Kennaraháskóla Íslands í Æfingaskóli Kennaraháskóla Íslands. Er þetta eingöngu gert til hægðarauka þar eð nafnið er þannig heldur styttra og þjálla.

Til að fyrirbyggja hugsanlegan misskilning skal tekið skýrt fram að með nafnbreytingunni er ekki gefið í skyn að draga skuli úr verkefnum skólans á sviði nýbreytni og tilrauna við nám og kennslu. Þessu er þveröfugt farið svo sem víða kemur skýrt fram í frumvarpinu og þessari greinargerð.

Forskóladeildir fyrir fimm og sex ára börn hafa árum saman verið í Æfingaskólanum. Í lok greinarinnar er ákvæði sem heimilar að svo verði einnig framvegis, að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins.

### Um 36. gr.

Greinin fjallar um þrjú meginhlutverk Æfingaskólans. Þau fléttast að sjálfsögðu saman í starfsháttum skólans, en hér verður gerð grein fyrir hverju verkefni sérstaklega.

1. Í greininni segir að skólinn sé miðstöð æfingakennslu Kennaraháskólans. Er hér skýrar að orði kveðið en í 16. gr. gildandi laga og þáttur skólans í menntun kennara nánar afmarkaður en þar er gert. Skilgreining á skólanum sem miðstöð æfingakennslu felst m.a. í eftirfarandi:
  - a. Æfingaskólinn og starfsmenn hans eru ábyrgðarmenn við mótun æfingakennslu jafnt í einstökum greinum sem og samfelldu kennslustarfi. Starfsmönnum skólans er ætlað, undir stjórn skólastjóra og æfingastjóra, að annast faglega umsjón með æfingakennslu í öðrum skólum og vera lausráðnum æfingakennurum þar til halds og trausts. Af framansögðu leiðir óbeint að einungis hluti æfingakennslunnar fer fram í Æfingaskólanum sjálfum þótt skólinn muni, svo sem skylt er og eðlilegt, hafa innan sinna veggja hlutfallslega fjölmennan hóp kennaraefna. Sá misskilningur skýtur stundum upp kollinum að sérstaða Æfingaskólans sé í því fólgin að þar skuli öll kennaraefni hljóta alla sína æfingakennslu. Þetta er að sjálfsögðu hvorki framkvæmanlegt né æskilegt.
  - b. Kennaraefni skulu eiga samastað í skólahúsi Æfingaskólans er þeir vinna að undirbúningi æfingakennslu. Gildir þetta jafnt fyrir kennaraefni er sækja kennslu-æfingar sínar í Æfingaskólanum sjálfum og þá sem sækja til annarra skóla, að svo miklu leyti sem slíku verður við komið og hentugt þykir. Athvarf kennaraefna þarf að vera í húsnaði sérstaklega búnu til þessara nota. Þar þarf að vera til reiðu kennsluefni, kennslutæki og önnur nauðsynleg gögn. Aðstaða þessi mundi jafnframt notuð þegar efnt væri til námskeiða fyrir kennaraefni og kennara í notkun kennslu- og námsgagna.
  - c. Æfingaskólanum er einnig ætlað að gegna hlutverki sínu sem miðstöð æfingakennslu í landinu með því að sinna nýbreytni í skólastarfi öðrum skólum fremur og veita þannig kennaraefnum færi á að fylgjast með verklagi í skóla sem er í skipulegri þróun. Skipuleg fræðsla og námskeiðshald á vegum Æfingaskólans fyrir lausráðna æfingakennara í skólum landsins hefur aukist á undanförunum árum.
2. Ákvæði greinarinnar um þróunarstofnun vísar til verkefna skólans á sviði tilrauna- og nýbreytnistarfa við nám og kennslu og stefnir að sama marki og 17. gr. gildandi laga, en eftir öðrum leiðum, enda margt breytt frá setningu þeirra.

Í lögum um Kennaraskóla Íslands frá 1947 og 1963 voru ákvæði um að Æfingaskólinn skyldi starfa sem tilraunaskóli og jafnframt sinna rannsóknnum á sviði skólamála. Fyrir löggjafanum hefur sennilega vakað að skólinn sinni a.m.k. að einhverju leyti verkefnum sem voru falin skólarannsókn- og síðar skólaþróunardeild menntamálaráðuneytisins. Lagaákvæði þessi um Æfingaskólann komu þó aldrei til framkvæmda né heldur ákvæðin í lögum nr. 16/1947, um rannsóknastofnun í uppeldisvísindum við Háskóla Íslands. Lögin um Kennaraháskóla Íslands frá 1971 geyma enn ákvæði um tilraunaskóla og rannsóknaskýldu. Hefur starfsemi skólans þróast í þá átt síðan skólinn var gerður að heildstæðum grunnskóla og tók til starfa sem hverfis-skóli í sérstöku skólahúsi. Á þessum árum hefur einnig samstarf ráðuneytis og Æfingaskólans orðið virkara en áður var.

Tilraunahlutverk skólans er í rauninni ekki, og svo hefur sennilega ekki heldur verið í upphafi, tengt vísindalegri tilraunastarfsemi í þröngri merkingu, heldur því að skólinn hefði forgöngu um nýjungar í skólastarfi. Þá er þess að geta sem ekki er minnst um vert, en það eru tengsl kennara og nemenda Kennaraháskólans og greiður aðgangur þeirra til að reyna og fylgjast með lifandi skólastarfi í Æfingaskólanum.

Hlutur Æfingaskólans í endurmenntunarstarfi Kennaraháskólans er verulegur. Einnig hefur skólinn tengst nokkuð verkefnum Rannsóknastofnunar uppeldismála.

Nú um sinn virðist stefna í þá átt að hver skóli geti og eigi að mótast sem mest innan frá og þróast í samræmi við eigin þarfir og aðstæður í skólahverfinu. Sérstaða Æfingaskólans gagnvart öðrum skólum yrði samkvæmt framansögðu einkum fólgin í því að honum bæri beinlínis skylda til að fylgjast með framvindu skólamála erlendis og hér heima, brjóta upp á nýjungum í starfi og greina opinberlega frá viðleitni sinni í þessa veru.

3. Síðan haustið 1968 hefur Æfingaskólinn starfað sem almennur barnaskóli og síðar grunnskóli fyrir tiltekið hverfi í Reykjavík. Vegna verkefna Æfingaskólans á sviði æfingakennslu og þróunarstarfa er æskilegt að starfsgrundvöllur hans sé sem minnst frábrugðinn grundvelli annarra sambærilegra grunnskóla.

#### Um 37. gr.

Greinin fjallar um stjórn skólans. Fyrsta málsgrein er að mestu samhljóða ákvæðum um sama efni í 18. gr. gildandi laga. Með orðunum aðrir starfsmenn er m.a. átt við starfslið á skrifstofu og sérfræðinga við ráðgjafarstörf.

Frumvarpið gerir ráð fyrir breytingum á skólastjórn Æfingaskólans. Skipan sú, sem verið hefur skv. gildandi lögum, að allir fastráðnir kennarar skólans, auk skólastjóra, rektors Kennaraháskólans og fræðslustjórans í Reykjavík, eigi sæti í stjórn skólans, reynist þung í vöfum, gerir ákvörðunartöku seinvirka og jafnvel óþægilega fyrir starfsfólk. Með breytingunni er ekki ætlunin að rýra aðild kennara að stefnumótun skólans, enda eiga þeir fulltrúa í skólastjórn, en talið heppilegt að tillögur og áhrif starfsliðs á þróun skólans komi einnig fram með öðrum hætti, t.d. á samstarfsfundum kennara, sérstökum starfsmannafundum eða fyrir tilstilli sérstaklega kjörinna nefnda og starfshópa innan skólans. Eðlilegt er að foreldrar eða forráðamenn nemenda eigi fulltrúa í skólastjórninni, fylgist með starfsáætlun og hafi áhrif á starfsemina.

Ákvæði um tímabundna ráðningu skólastjóra er nýmæli. Telja verður æskilegt að Æfingaskólinn sem þróunarstofnun búi við sveigjanleika og möguleika til endurnýjunar í forustu.

Nauðsyn þykir að festa í lögum ákvæði um að tveir yfirkennarar starfi við skólann. Æfingaskólanum er ætlað að sinna mörgum og vandasömum verkefnum og því álitnið heppilegt að skólastjóri sé ekki of bundinn störfum við daglega umsjón í skólanum.

#### Um 38. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um skiptingu stofnkostnaðar og rekstrargjalda Æfingaskólans milli ríkissjóðs og borgarsjóðs Reykjavíkur. Greinin er efnislega samhljóða 2. tölul. 18. gr. í gildandi lögum.

#### Um 39. gr.

Greinin fjallar um kennaralið skólans og svarar efnislega til 21. gr. gildandi laga. Sú meginbreyting er þó gerð frá því sem áður var að við skólann skuli að mestum hluta starfa fastráðnir æfingakennarar, en á þeim og almennum kennurum er nokkur munur, bæði að því er varðar verksvið, kennsluskyldu og launakjör. Þessi starfskjaramunur og sú tvískipting kennaraliðs skólans, sem af honum leiðir, orkar á ýmsan hátt tvímælis og hefur í för með sér marga ókosti beint og óbeint og torveldar eðlilega samvinnu kennara og fulla nýtingu starfsliðs, ekki síst samhæfingu þeirra verkefna sem kennurum ber að sinna. Hér er, auk kennslu, átt við samstarfsfundi innan skólans, viðtöl við kennaraefni og vinnu með kennurum Kennaraháskólans og alveg sérstaklega umsjónarstörf með æfingakennslu í einstökum greinum og samstarf við lausráðna æfingakennara í öðrum skólum. Af þessum

sökum og öðrum, sem lítillega verður vikið að hér á eftir, þykir vænlegra til árangurs, og betur í samræmi við markmið Æfingaskólans, að allir eða nær allir kennarar skólans skuli fastráðnir æfingakennarar.

Svigrúm yrði þó áfram að ráða til skamms tíma nokkra kennara að skólanum á kjörum grunnskólakennara. Væntanlega yrði einkum um að ræða nýliða við kennslustörf.

Æfingakennsla er ekki nema að takmörkuðu leyti bundin við kennslu einstakra æfingakennara í tiltekinni kennslustofu ákveðinn stundafjöldi á viku, heldur verður hún best rækt í fjölpættu og samvirku starfi kennara og kennaraefna þegar þeir gegna um lengra tímabil margvíslegum sameiginlegum störfum sínum. Í samræmi við þetta er Æfingaskólanum ætlað að vera kennaraefnum sýnishorn af sveigjanlegu skólastarfi sem þeir eigi jafnan aðgang að. Samkvæmt því er starf allra kennara skólans jafnmikilvægt og raunar annarra starfsmanna einnig. Til þessa viðhorfs er þá einnig að rekja helsta rökstuðning þess að allir fastir kennarar skólans sitji við sama borð í kjaralegu tilliti, enda geti þeir, hver á sínu sviði, lagt til skólastarfsins fullgildan skerf svo að skólinn megi gegna sem best hlutverki sínu.

Telja verður að í framantöldum atriðum felist umtalsverð breyting á æfingakennslunni frá því sem gildandi lög ákveða, enda hefur framkvæmd æfingakennslu þróast á þennan veg í Kennaraháskólanum á undanförunum árum. Þetta má einnig marka af því að verkefni og vinnuframlag einstakra æfingakennara verða ekki metin (a.m.k. ekki í Æfingaskólanum) í fjölda kenndra æfingastunda (sbr. upphaf 21. gr. 2. tölul. í gildandi lögum) heldur tekið mið af vinnu kennarans samanlagðri við kennslu, á sviði æfingakennslu og nýbreytni- og þróunarstarfa í skólanum sem hann ásamt samkennurum og kennaraefnum innir af hendi.

#### Um 40. gr.

Greinin fjallar um stöðu æfingastjóra, val hans og verksvið. Í gildandi lögum (13. gr.) er æfingastjóri talinn til starfsmanna Kennaraháskólans. Frumvarpsgreinin kveður á um breytingu að því leyti að æfingastjóra skal nú ráða úr hópi fastra æfingakennara til þriggja ára í senn og má ekki endurráða hann nema einu sinni án lotuskila.

Með þessari breytingu er að því stefnt að æfingastjóri sé í sem allra nánastri snertingu við sjálfa framkvæmd æfingakennslunnar, hafi starfsaðstöðu í Æfingaskólanum og sé ótvírætt hluti af starfslíði skólans. Starf núverandi æfingastjóra hefur raunar þegar orðið mjög á þennan veg og hann hefur bækistöð sína í Æfingaskólanum. Jafnframt þarf æfingastjóri, svo sem nú er, að vinna í nánú sambandi við kennslustjóra Kennaraháskólans, sérstaklega að eðlilegri samtengingu æfingakennslu og annarra þátta kennaranámsins. Heppilegt er talið að æfingastjóri gegni ekki starfi of lengi í senn. Erfitt kynni að reynast fyrir viðkomandi að hverfa aftur að kennslu ef því starfi hefur ekki verið sinnt um margra ára skeið. Af sama toga er sú heimild að fela megi, ef henta þykir, fleiri en einum æfingakennara störf æfingastjóra.

#### Um 41. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá því sem er í 1. másl. 22. gr. gildandi laga, nema skyldan til að taka við kennaraefnum til æfingakennslu er ekki lengur bundin við grunnskóla. Er það eðlileg afleiðing af vikkun á starfssviði Kennaraháskólans, sbr. 2. tölul. 1. gr. frumvarpsins.

#### Um 42. gr.

Greinin er nýmæli og eykur svigrúm Kennaraháskólans og Æfingaskólans til að eiga formlegt samstarf við skóla víðs vegar um landið um æfingakennslu, tilraunir og þróunarstarf.

Aukin verkefni sem Kennaraháskólanum er heimilað að sinna, einkum á sviði framhaldsmenntunar og menntunar framhaldsskólakennara, leiða til þess að hann þarf að eiga greiðan aðgang að fleiri skólum en Æfingaskólanum, sérstaklega er mikilvægt að geta stofnað til formlegra tengsla við tiltekna skóla á framhaldsskólastigi.

Rannsóknir og þróunarverkefni einstakra starfsmanna Kennaraháskólans og þróun kennaramenntunarinnar krefjast oft náins samstarfs við skóla og starfsfólk þeirra.

Kennaraháskólinn menntar kennara fyrir landið allt og er mikilvægt að hann hafi svigrúm til að eiga formlegt samstarf við skóla af ýmsum gerðum sem víðast á landinu, viðhalda þeim tengslum og endurnýja í samræmi við eðli viðfangsefna.

## XI. KAFLI

### Gildistaka og reglugerð.

Ákvæði til bráðabirgða um gildistöku 13. og 14. gr. er sett til að gefa Kennaraháskóla Íslands nægilegan tíma til að undirbúa þær breytingar sem felast í lengingu kennaranámsins.

### Fylgiskjal.

#### Um kostnaðarauka af breytingum á lögum um Kennaraháskóla Íslands.

Í greinargerð með frumvarpi til laga um Kennaraháskóla Íslands eru talin nokkur mikilvægustu nýmæli frumvarpsins og veigamestu breytingarnar sem samþykkt þess hefði í för með sér.

Um sum þessara nýmæla er það að segja að með þeim er skólanum heimilað að ráðast í tiltekin ný verkefni, en ekki er kveðið á um hvenær, hvernig, eða í hve ríkum mæli. Í þeim tilvikum er erfitt að spá um kostnaðarauka af völdum breytinganna. Hér á eftir fer mat fjármálaskrifstofu menntamálaráðuneytisins á kostnaðaraukningunni:

I. Það nýmæli sem vafalaust hefði mestan kostnaðarauka í för með sér er lenging reglulegs námstíma úr þremur árum í fjögur. Gert er ráð fyrir því að það verði innan sex ára frá gildistöku laganna. Launakostnaður við kennslu í hinum ýmsu „skorum“ skólans nemur 50–55 hundraðshlutum af heildarlaunakostnaði skólans. Lenging námsins myndi væntanlega valda um 30% fjölgun nemenda og tilsvareandi aukningu kennslukostnaðar. Þessi breyting ein myndi þannig valda **16–17% hækkun** á heildarlaunakostnaði þótt ekki sé tekið tillit til þeirra áhrifa sem hún myndi hafa á umfang stjórnunar, þjónustupörf á bókasafni, rekstur húsnæðis, orlof kennara o.s.frv.

II. Með samþykkt frumvarpsins yrði skólanum formlega heimilað að annast framhalds- menntun kennara. Engin leið er að geta sér til um kostnað vegna þeirrar heimildar. Ekki er ástæða til að búast við hærri kostnaði á hvern nemanda eða hvern „námsþóp“ heldur en í námi til B.Ed.-prófsins og mundi því kostnaðaraukinn ráðast af aðsókn á hverjum tíma.

III. Aukin umsvif í endurmenntun myndu vissulega kosta talsvert fé. Launakostnaður vegna endurmenntunar er nú u.þ.b. 6% af heildarlaunakostnaði. Sé gert ráð fyrir 50% aukningu í endurmenntun myndi það þannig auka heildarlaunakostnað um **u.þ.b. 3%**.

IV. Önnur nýmæli, sem talin eru í greinargerðinni, leiða ekki sjálfkrafa til aukins kostnaðar, en gera má ráð fyrir að stjórnunar- og þjónustupættir vaxi í samræmi við fjölgun nemenda og kennara. Þessir þættir taka til sín um 22% af launum og sé miðað við að fyrrtaldar breytingar valdi um 35% fjölgun nemenda og kennara (fjórða ár + framhalds- nám) má ætla að hér gæti orðið um **8% viðbót** við heildarlaunakostnað.

V. Niðurstaða lauslegrar áætlunar, þar sem m.a. er miðað við að umfang endur- menntunar aukist um 50%, og að í framhaldsnámi til M.Ed.-prófs verði ekki mjög margir, er því sú að **laun gætu hækkað vegna lagabreytinganna um u.þ.b. 28%**.



VI. Önnur rekstrargjöld munu væntanlega ekki standa í stað, ef skólinn stækkar til muna. Ætla má að útgjöld vegna yfirstjórnar skólans og vegna rekstrar skólahússins vaxi mun minna en sem nemur fjölgun í skólanum, varla meira en um 10%. Þessir þættir taka til sín um 47% af rekstrargjöldum og mundi því 10% hækkun þeirra valda um **5% hækkun** á rekstrargjöldum í heild. Hér að framan var gengið út frá 50% aukningu í endurmenntun, en rekstrarkostnaður vegna endurmenntunar er hlutfallslega mjög hár. Hann er nú um 16% af heildarrekstrarkostnaði og 50% aukning þýðir því **8% aukningu** á heildinni. Aðrir þættir rekstrargjaldanna, samanlagðir um 37% af rekstri, munu, ef að líkum lætur, hækka í samræmi við nemendafjölgun, eða um sem næst 35% og valda um **13% hækkun** á heildinni. Önnur rekstrargjöld mundu þá samkvæmt þessu **hækka um 26%**.

VII. Niðurstaðan er þá sú að hækkun á heildarútgjöldum skólans, þ.e. launum og öðrum rekstrargjöldum, í framhaldi af breytingu á lögnum **ætti að verða 27–28%** sem miðað við gildandi fjárlög samsvarar **43–44 000 000 króna**.

Þótt erfitt sé að spá um beinar kostnaðarhækkanir í rekstri Kennaraháskóla Íslands ef umræddar breytingar verða gerðar á lögnum er enn hæpnara að hægt sé að spá um óbein áhrif þeirra. Til dæmis er ekki vitað hvort lenging námsins veldur aukningu eða samdrætti í aðsókn að skólanum og því ekki heldur hvaða áhrif breytingin hefur á aðsókn að öðrum menntastofnunum. Sama er að segja um framhaldsnámið. Ekki er heldur ljóst hvaða áhrif lenging á almennu kennaranámi hefur á launakjör kennara, en telja má nokkuð víst að hún leiði til hækkunar.